



Dalabyggð

Auðarskóli

Ábyrgð - Ánægja - Árangur

Lausnamiðun
Sveigjanleiki
Endurmenntun
Fjölbreyttar-kennsluaðferðir
Samrekinn-skóli
Ut anumhald
Skólinn-lítill
Mötuneyti
Aldursbil-Kennara
Eineltisteymi-virkt
Aðgengi-Fólk-Auðvelt
Foreldrasamstarf
Samvinna
Vibragðstími-Stuttur
Teymisvinna
Starfsandi
Fámenni
Samheldni
Úakvæðni

MAT Á STARFSÁÆTLUN AUÐARSKÓLA

2023-2024

INNGANGUR

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og starfsáætlunar og skal semja þær í samráði við kennara skólans og annað starfsfólk sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja þeim. Í skólaráði skal fjalla um skólanámskrá og árlega starfsáætlun skóla. Skólanefnd staðfestir gildistöku þeirra þegar ljóst er að þær hafa verið unnar í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, skólastefnu, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Í árlegri starfsáætlun er, m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, skólaþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
1. GRUNNUPPLÝSINGAR	3
2. SKÓLAREGLUR.....	22
3. STOÐPJÓNUSTA	25
4. MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAPRÓUN	30
5. FORELDRASAMSTARF.....	35
6. STEFNUR OG áætlanir	37
7. GRUNNSKÓLI.....	38
8. LEIKSKÓLI	47
9. SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA	50
10. TÓNLISTARSKÓLI	51

INNGANGUR

Hér á eftir fer mat á starfsáætlun skólaársins sem liðið er. Hver kafli er settur fram eins og hann birtist í starfsáætlun skólans í haust. Við lok hvers kafla kemur fram hvernig viðkomandi liður gekk, hvort áætlanir hafi gengið eftir og hvað má gera betur næst. Reitirnir eru litamerktir með grænum, ljósgrænum, gulum og rauðum.

A	Gekk eftir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir
B	Gekk að mestu eftir. Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
C	Gekk ekki nógu vel. Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
D	Gekk alls ekki upp. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

UM AUÐARSKÓLA

Auðarskóli hefur verið starfræktur frá 1. ágúst 2009, en þá voru allar skólastofnanir í sveitarfélaginu Dalabyggð sameinaðar. Undir Auðarskóla falla eftirtaldar fjórar deildir: Leikskóli, tónlistarskóli, grunnskóli og mötuneyti. Skólinn er sameiginlegur skóli og er staðsettur í Búðardal sem er eini þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Starfsemi skólans byggist á lögum um leik- og grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008, en þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leik-, grunn- og/eða tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra.

Deildirnar starfa í þremur aðskildum húsum. Húsnæði leikskólans var byggt 2009 og þar fer öll starfsemi leikskóladeildar fram. Nemendur grunnskólans eru í húsnæði fyrrum grunnskóla Búðardals sem byggt var á árunum 1975 til 1983. Mötuneyti og tónlistarskólinn eru staðsett í Félagsheimilinu Dalabúð sem er staðsett mitt á milli grunn- og leikskólans. Frá haustinu 2018 fór öll starfssemi skólans í Búðardal en íþróttakennslan fór áður fram að Laugum í Sælingsdal. Það sama haust var fjórða deildin stofnuð við skólann; þ.e. mötuneyti Auðarskóla.

Nafnið Auðarskóli var ákveðið í kjölfar nafnasamkeppni sumarið 2009. Skólinn heitir í höfuðið á landnámsmanninum Auði djúpúðgu, sem var kristin, einstæð móðir og nam stóran hluta Dalasýslu.

SKRIFSTOFA SKÓLANS

Skrifstofa skólans er staðsett í grunnskólanum, neðri hluta.

Skrifstofan er opin á skólatíma:

Á mánudögum til fimmtudaga frá kl. 8-15:30

Á föstudögum frá kl. 8-12.30.

Aðalsímanúmer Auðarskóla er: 430-4757 (skiptiborð)

Netfang skrifstofu er: ritari@audarskoli.is

Önnur símanúmer:

Aðstoðarleikskólastjóri: 430 4711

Tröllaklettur: 430 4712

Dvergahlíð: 430 4713

Mötuneyti: 430 4710

Tónlistarskóli: 430 4756

Skólaritari sér um sí mavörslu og kemur fjarvistartilkynningum til kennara. Ritari skólans er Málfríður Mjöll Finnsdóttir.

Netföng starfsmanna er að finna á vef skólans: www.audarskoli.is

A

Skólinn var opinn allan veturinn. Fólk hafði greiðan aðgang að skólanum í gegnum síma og tölvupósta m.a. til ritara. Netföng allra starfsmanna til sýnis á heimasíðu.

HEIMASÍÐA

Heimasíða skólans er audarskoli.is og þar má finna helstu upplýsingar um starf skólans. Fréttir, viðburðir og annað skemmtilegt sem kemur skólasamfélaginu við. Umsjónarmenn heimasíðu eru skólastjóri, deildarstjóri og skólaritari.

A

Heimasíðan er virk. Upplýsingar um viðburði og starf skólans birt á heimasíðu. Mikil uppfærsla hefur átt sér stað á heimasíðunni skólaárið 2023-2024.

SÝN OG MARKMIÐ AUÐARSKÓLA

Auðarskóli vinnur á grunni eftirfarandi gilda og stefnumiða:

- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og samfélagi.
- Að skapa jákvætt andrúmsloft og vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
- Að efla sjálfstraust, frumkvæði, sjálfstæða lífssýn og ábyrgð nemenda.
- Að glæða þekkingaleit og stuðla að fjölbreyttu og skapandi starfi.
- Að allir séu metnir að verðleikum og njóti skilnings og öryggis.
- Að veita því athygli sem vel er gert með umbun og hrósi.
- Að miða nám og mat á forsendum hvers og eins.
- Að byggja upp nán tengsl skóla, foreldra og samfélags.

Í Auðarskóla er nemandinn í öndvegi og lögð er á það áhersla að jafnt nemendur sem starfsmenn eigi góð og gefandi samskipti. Markvisst er unnið að því að auka félagsfærni nemenda, þrautseigju, sjálfstæði og eigin getu. Víðfemt starfsumhverfi skólans krefst sveigjanlegra vinnubragða sem einkennast af víðsýni, samvinnu og umburðarlyndi. Í skólanum eiga allir að finna fyrir velvild og hlýju og vita að þar er skjól og stuðning að finna. Í námsumhverfinu er lögð áhersla á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni og jákvæð samskipti.

Gildi Auðarskóla eru **ÁBYRGÐ, ÁNÆGJA OG ÁRANGUR** og skal skólabragurinn einkennast af þessum gildum.

B	Sýn og markmið Auðarskóla þarf að gera hærra undir höfði í skólastarfi. Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað og þekkja sýn og markmið. Gera þarf sýnilegra í skólastarfi. Stöðugt þarf að leggja áherslu á einkunnarorð skólans og vinna eftir þeim. Sýn og markmið ríma við Menntastefnu Dalabyggðar.
---	--

NEMENDUR

SKÓLADAGUR NEMENDA GRUNNSKÓLANS

Grunnskólinn opnar kl. 8.00. Grunnskólastarf hefst alla daga kl. 8.30. Skóladegi nemenda lýkur sem hér segir: Á mánudögum kl. 14.20, á þriðjudögum og til fimmtudaga kl. 15.10 og á föstudögum kl. 12.30. Nemendur sem keyrðir eru í skólann með skólabíl koma í skólann á bilinu 8.15 til 8.25. Kennt er í 40 mín í senn.

Morgunmatur er framreiddur á mismunandi tíma fyrir nemendur; yngsta stig kl. 9.10–9.30 og fyrir miðstig og elsta stig kl. 9.50–10.10.

Hádegisverður er snæddur kl. 11.50–12.20 fyrir yngsta stig og kl. 12.30–13.00 fyrir mið- og elsta stig.

Frímínútur eru að öðru leyti frá kl. 10.50–11.10 og á bilinu kl. 13.40–13.50 fyrir yngsta stig og kl. 14.20–14.30 fyrir mið- og elsta stig. Miðstig er einn dag í viku í fyrri morgunmat vegna skipulags stundatöflu.

Að degi loknum geta foreldrar barna á yngsta stigi sótt um að börn þeirra nýti lengda viðveru-KÁTADAL. Lengd viðvera er starfrækt í húsakynnum leikskólans frá kl. 14.20 til 16:30 á mánudögum, frá kl. 15.10 til 16.30 á þriðjudögum til fimmtudaga og frá kl. 12.30 til 16.30 á föstudögum. Nemendur úr dreifbýli stunda tónlistarnám sitt á skólatíma, aðrir nemendur geta bæði verið á og utan skólatíma. Nánar má sjá tilhögun í stundatöflum frá tónlistarkennurum.

A	Skipulagi skóladags grunnskólanemenda fylgt í hvívetna.
A	Starfsemi Kátadals, lengdrar viðveru, var fylgt skv. skipulagi. Fáar umsóknir og ekki mikil nýting á Kátadal.

SKÓLADAGUR BARNNA LEIKSKÓLANS

Foreldrar leikskólabarna geta valið vistunartíma fyrir börnin sín á tímabilinu 7.45 til 16.30. Milli kl. 7.45 og 8.00 er móttaka fyrir börn sem nýta sér náðarkorter á undan vistunartíma. Morgunverður er framborinn á milli kl. 8.00 og 8.45. Ávaxtahressing er um miðjan morgun. Útivist allra leikskólabarna fer fram fyrir hádegi á milli kl. 10.15 og 11.30. Hádegismatur er á milli kl. 11.30 og kl. 12.15. Yngstu börnin sofa eftir hádegismat á meðan eldri börnin fást við margskonar viðfangsefni. Útivist fer einnig fram eftir hádegi. Síðdegishressing er framreidd kl. 14.30. Leikskólabörn sem nýta sér skólabíla ljúka deginum kl. 14.20 á mánudögum, kl. 15.00 á þriðjudögum til fimmtudaga, en kl. 12.30 á föstudögum. Leikskólinn er opin til kl. 16.30.

A	Skipulagi fylgt í hvívetna. Í samstarfi við rekstraraðila mótuneytis hefur hádegismatartíma leikskólabarna verið flýtt sem er til bóta fyrir börnin. Yngstu börnin byrja oftast að borða um kl. 11.10 og eldri börnin einnig í flestum tilvikum. Í desember 2023 var tekin ákvörðun um að stytta opnunartíma leikskólans á föstudögum. Leikskólinn lokar kl. 14 alla föstudaga. Í starfsáætlun næsta árs verður upplýsingum breytt í samræmi við það.
---	---

SKÓLADAGATAL

Samkvæmt skóladagatali eru kennsludagar grunnskólanemenda í Auðarskóla eru 180. Dagar þar sem verulega er brugðið frá lengd skóladags grunnskólans skólaárið eru 2023-2014 eru alls 6. Þeir dagar eru skólaasetningardagur, tveir foreldrasamtalsdagar, árshátíðardagur, kaffihúsakvöldið og skólaslitadagur. Kennsla fellur niður í jólaleyfi grunnskólanemenda sem er frá og með 21. desember til og með 3. janúar. Önnur leyfi grunnskólabarna eru; vetrarfrí á haustönn frá 30. október til 3. nóvember, vetrarfrí í febrúar þann 19. og páskaleyfi er frá 25. mars til 2. apríl.

Skipulagsdagar (starfsdagar) grunnskólans á starfstíma eru 5; 2. október, 2. janúar, 20. febrúar, 13. mars, 31. maí.

Vorhátíð og skólaslit grunnskólabarna eru 3. júní 2024.

Leikskólinn starfar allt árið um kring að undanskildum fimm vikna sumarfrisdögum. Önnur frí falla undir lögbundna frídaga. Leikskólinn opnar 9. ágúst eftir sumarfrí og síðasti opnunardagur á skólaárinu er 2. júlí 2024.

Skipulagsdagar leikskólans á skólaárinu eru 6; 8. ágúst, 21. ágúst, 3. október, 2. janúar, 21. febrúar, 4. júní. Þar af eru tveir foreldrasamtalsdagar sem keyrðir eru samhliða foreldrasamtalsdögum í grunnskólanum: 3. október og 21. febrúar. Að auki er leikskólinn lokaður 19. febrúar og 27. mars.

Sameiginlegir skipulagsdagar allra deilda á starfstíma grunnskólans er 2. janúar. Sameiginlegir skipulagsdagar utan starfstíma grunnskólans eru: 21. ágúst og 4. júní.

Tónlistarskólinn starfar á skólatíma grunnskólans. Skóladagatöl allra deilda má finna á heimasíðu Auðarskóla.

A	Skóladagatal gekk upp bæði hjá leik- og grunnskóla. Allir nemendur grunnskólans fóru í skíðaferð: 5.-10.b í Tindastól og 1.-4.b í Selárdal á Ströndum á gönguskíði. Seinka þurfti opnun grunnskólans 6. nóv 2023 til kl. 9:30 vegna viðhaldsvinnu gólfduka grunnskólans. Ekki þurfti að loka skólanum vegna veðurs eða ófærðar. Breytingar urðu á opnunartíma leikskólans frá og með desember 2023. Auk þeirra breytinga var leikskóladagatali breytt örlítið og var leikskólinn lokaður eftirfarandi daga: Lokað verði milli jóla og nýárs 2023, alls 3 dagar, 19. febrúar-Vetrarfrisdagur grunnskólans og 27. mars-Dagurinn fyrir skírdag.
---	--

NEMENDAFJÖLDI

Á skólaárinu 2023–2024 verða 103 nemendur í Auðarskóla og skiptist það í 77 nemendur í grunnskóla og 26 í leikskóla.

Árgangur/Bekkir	Drengir	Stúlkur	Alls	
2022	4	2	6	26
2021	4	0	4	
2020	3	3	6	
2019	3	3	6	
2018	2	2	4	
1. bekkur	2	0	2	23
2. bekkur	5	2	7	
3. bekkur	5	0	5	
4. bekkur	5	4	9	
5. bekkur	1	7	8	26
6. bekkur	8	4	12	
7. bekkur	2	4	6	
8. bekkur	3	3	6	28
9. bekkur	5	4	9	
10. bekkur	8	5	13	
Samtals	60	43	103	

Í lok skólaárs 2023-2024:

Börn og nemendur Auðarskóla 2023-2024				
Árgangur/Bekkir	Drengir	Stúlkur	Alls	Alls á hverju stigi
2023		1 (1)	1	27
2022	4	2 (1) (1)	6	
2021	4	0	4	
2020	3	3	6	
2019	2 (1)	3	5	
2018	3 (1)	2	5	
1. bekkur	2	0	2	24
2. bekkur	5	2	7	
3. bekkur	5	1 (1)	6	
4. bekkur	5	4	9	
5. bekkur	1	8 (1)	9	26
6. bekkur	8	3 (1)	11	
7. bekkur	2	4	6	
8. bekkur	3	3	6	26
9. bekkur	5	3 (1)	8	
10. bekkur	8	4 (1)	12	
Samtals			103	

A

Fjöldi nemenda stóð í stað. Sjá breytingar í árgöngum í seinni töflu. Rautt þýðir að barn hafi hætt í leikskóla, grænt að barn hafi bæst við.

STARFSMENN

STJÓRNUN

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri
Arndís Anna Jakobsdóttir aðstoðarleikskólastjóri
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir deildarstjóri

LEIKSKÓLADEILD

Anna Sophia Kotschew	Háskólamenntaður starfsmaður BA.
Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir	Háskólamenntaður starfsmaður BA.
Íris Dröfn Brynjólfsson	Leiðbeinandi leikskóla
Jóhanna Lind Brynjólfsson	Háskólamenntaður starfsmaður B.Ed.
Jóna María Gísladóttir	Leiðbeinandi leikskóla
Kristrún Jónsdóttir	Leiðbeinandi leikskóla
Marína Alekandersdóttir	Skólaliði
Renata Fáberová	Háskólamenntaður starfsmaður BS.
Stefanía Anna Vilhjálmsson	Leiðbeinandi leikskóla

GRUNNSKÓLADEILD

Christine Sarah Arndt	Leiðbeinandi með umsjón
Berghildur Pálmadóttir	Leiðbeinandi með umsjón
Bergþóra Jónsdóttir	Verkefnastjóri sérkennslu
Ernir Freyr Sigurðsson	Leiðbeinandi með umsjón
Fanney Þóra Gísladóttir	Starfsmaður í skóla með stuðning
Jón Egill Jónsson	Íþrótt- og tómstundafulltrúi
Jónína Kristín Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi með umsjón
Kristján Elvar Meldal Sverrisson	Leiðbeinandi með umsjón
Linda Traustadóttir	Grunnskólakennari textíl- og heimilisfræði
Maria Ylfa Lebedeva	Þroskaþjálfari
María Hrönn Kristjánsdóttir	Grunnskólakennari myndlist
Málfríður Mjöll Finnsdóttir	Ritari
Ólöf Halla Bjarnadóttir	Grunnskólakennari tónmennt
Ragnheiður Helga Bæringsdóttir	Háskólamenntaður B.Ed. leik og grunnskóla
Sigurborg Valdimarsdóttir	Starfsmaður í skóla með stuðning
Sindri Geir Sigurðsson	Leiðbeinandi
Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir,	Umsjónakennari
Sunneva Hlín Skúladóttir	Stuðningsfulltrúi
Svanhvít Lilja Viðarsdóttir	Umsjónakennari
Sædís Birna Sæmundsdóttir	Starfsmaður í skóla með stuðning

TÓNLISTARDEILD

Ólafur Einar Rúnarsson, tónlistarkennari
Sigurbjörg Kristínardóttir, tónlistarkennari

SKÓLAHJÚKRUN

Þórunn Björk Einarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

A	Skipulag starfsins hélst með m.t.t. starfsmannafjölda. Starfsmaður bættist við í Tónlistarskólanum í 25% starf í nóv. 2023. Starfsmaður bættist við í leikskólann í 50% í apríl 2024. Tveir starfsmenn komu úr leyfi, einn úr leikskóla og einn frá grunnskóla. Tveir starfsmenn fóru í langtímaleyfi í apríl-maí 2024. Töluverð forföll voru meðal starfsmanna á skólaárinu vegna veikinda og umgangspæsta. Kalla þurfti inn forfallastarfsmenn í grunnskólann. Kalla þurfti inn starfsmann sem skráður var í leyfi í hlutastarf á vorönn 2024 í grunnskólann.
---	---

SÍMENNTUNARSTEFNA AUÐARSKÓLA

Símenntunarstefnu skólans má sjá í heild sinni á heimasíðu skólans. Samkvæmt henni er áætlun unnin sameiginlega af stjórnendum og starfsfólki um símenntun starfsfólks á hverju skólaári. Á heimasíðunni eru upplýsingar um markmið, hlutverk og mismunandi form símenntunar.

<https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/stefnur-og-aaetlanir/endurmenntun/>

Skólinn stendur fyrir fræðslufundum, námskeiðum og skólaheimsóknum eftir áherslum í skólastarfinu. Foreldrafélag Auðarskóla og skólinn starfa saman og velja í samvinnu fræðslufundi og námskeið sem eiga að gagnast skólasamfélaginu í átt að betri gæðum skólaumhverfis.

Allir starfsmenn eru hvattir til að sýna frumkvæði um að sækja námskeið og ráðstefnur sem þeir telja að nýtist þeim í starfi, bæði innanlands og utan. Áfram er unnið að þróun kennsluhátta í grunnskólanum með samþættingu námsgreina og leiðsagnarnáms að leiðarljós. Unnið er að þróun og aðlögun námsmats í skólanum út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum í hverjum árgangi. Unnið verður að innleiðingu 7 venja-Leiðtoginn í mér.

SÍMENNTUN OG STARFSÞRÓUN STARFSMANNA 2023-2024

Heiti	Dags	Fyrir hverja	Umsjón
Skráningarkerfi Mentor	Ágúst 2023	Kennarar og leiðbeinendur-Grunnskóli	Lóa Þorgrímsdóttir
Námsvísar, leiðsagnarnám, samvinna og samstarf	Frá ágúst 2023 til júní 2024	Allt starfsfólk grunnskóla	Ásgarður skólaþjónusta
ADHD-Námskeið	18. ágúst 2023	Allt starfsfólk grunnskólans	ADHD samtökin

Hegðun barna: Áskoranir og úrræði	2. október 2023	Starfsmenn með stuðning, stuðningsfulltrúi, sérkennarar og þroskaþjálfari	Sesselja Árnadóttir grunnskólakennari og kennsluráðgjafi Farteymis
Hljóm-2 skimun	Október - nóvember 2023	Háskólamenntaður starfsmaður grunn- og leikskóla	Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur-Lærum og leikum með hljóðin
AEPS, færniþætti matskerfi (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children)	Vorönn 2024	Sérkennari og þroskaþjálfari	Ráðgjafa og greiningarstöðin
TRAS skimun	Vorönn 2024	Háskólamenntaðir starfsmaður grunn- og leikskóla	Endurmenntun HÍ
Lubbi	Vorönn 2024	Starfsmenn leikskólans	Eyrún Ísfold Gísladóttir
Framhaldsnámskeið Skólastjórafélags Íslands fyrir nýja og reynda skólastjórnenndur	Febrúar 2024	Skólastjóri	Skólastjórafélag Ísland
Hljóðfærni-Námskeið	Febrúar 2024	Verkefnastjóri sérkennslu	Endurmenntun HÍ
Heimsókn í Brekkubæjarskóla		Þroskaþjálfari, stuðningsfulltrúar yngsta stigs	
Notkun ípad í sérkennslu	Mars 2024	Verkefnastjóri sérkennslu, þroskaþjálfari, stuðningsfulltrúi á yngsta stigi	Tölvumiðstöðin
Hegðun og líðan barna - Fræði í framkvæmd	Apríl 2024	Verkefnastjóri sérkennslu	ART teymi Suðurlands
Námstefna skólastjórafélags Íslands	Október 2023	Skólastjóri	Skólastjórafélag Ísland
B.Ed- Grunnskólakennarafræði	2023-2024	Leiðbeinandi-Grunnskóli	HÍ
MT-Kennslufræði	2023-2024	Leiðbeinandi-Grunnskóli	HA
MT-Kennslufræði	2023-2024	Leiðbeinandi-Grunnskóli	HA


MT-Kennslufræði	2023-2024	Háskólamenntaður starfsmaður-Leikskóli	HÍ
MT-Kennslufræði	2023-2024	Háskólamenntaður starfsmaður-Leikskóli	HÍ

A	<p>Símenntunaráætlun gekk eftir. Frekar bættist við í endurmenntun starfsmanna. Ekki tókst að senda starfsmenn leikskóla á Lubba námskeið. Hugað verður að því haustið 2024. Tveir starfsmenn munu taka ART námskeið í ágúst 2024.</p>
---	--

STJÓRNSKIPULAG AUÐARSKÓLA

Skipurit fyrir Auðarskóla í Dalabyggð

Uppfært 4. desember 2023



A	<p>Skipuriti Auðarskóla var breytt í nóv. 2023 miðað við starfsemi skólans. Staða deildarstjóra grunnskólans var tekin upp haustið 2023 og bættist því við skipurit skólans. Rekstri mötuneytis og þrifum var úthýst haustið 2023 en áfram á hendi skólustjóra að nokkru leyti. Þroskaþjálfari tók til starfa við skólann haustið 2023.</p>
---	---

SKÓLARÁÐ

Í Auðarskóla er sameiginlegt skólaráð fyrir leik- og grunnskóla. Lögum skv. skal starfa skólaráð í grunnskóla (lög nr. 91/2008, 8. gr.) og við leikskóla skal starfa foreldraráð (lög nr. 90/2008, 11. gr.). Í samreknum leik- og grunnskóla er heimilt að hafa sameiginlegt skólaráð/foreldraráð (lög nr. 91/2008, 45. gr.).

Hlutverk skólaráðs er að fjalla um skólanámskrá skólans, starfsáætlun, rekstaráætlun og fleiri áætlanir sem lúta að starfsemi skólans. Einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Í skólaráði Auðarskóla eru fulltrúar foreldra, nemenda, kennara og starfsmanna.

Skólaráð Auðarskóla 2023-2024

Herdís Erna Gunnarsdóttir, skólastjóri

Sara Kristinsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Stefanía Björg Jónsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna

Kristján Elvar Meldal fulltrúi, kennara og ritari

Ragnheiður Helga Bæringsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla

xxxxxxxxxx fulltrúi annarra starfsmanna

Alexandra Agla Jónsdóttir 9. bekk, fulltrúi nemenda

Þórarinn Páll Þórarinsson 9. bekk, fulltrúi nemenda

B	Skv. fundaáætlun skólaráðs 2023-2024 voru haldnir fjórir fundir á skólaárinu. Fóru allir fram en breyta þurfti í tvígang dagsetningum funda. Ekki gekk að manna að fullu skólaráðið þar sem ekki tókst að fá fulltrúa annarra starfsmanna í ráðið. Ráðin hefur verið bót á því og mun fulltrúi þeirra sitja í skólaráðinu 2024-2025. Nemendur stóðu sig frábærlega og voru vel undirbúnir fyrir fundi. Þeir halda áfram í skólaráði á næsta ári. Gera þarf starfsáætlun skólaráðs sýnilegri og bæta skipulag hennar. Hafin er gerð hennar fyrir skólaárið 2024-2025. Allar fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu skólans.
---	--

SKÓLAAKSTUR

Skólabílaleiðir í Dalabyggð eru alls átta. Ekið er samkvæmt skóladagatali grunnskólans. Heimferð skólabíla er mismunandi eftir dögum: Á mánudögum er heimferð kl. 14.35, þriðjudaga til fimmtudaga kl. 15.15 og á föstudögum kl. 12.35. Á heimasíðu skólans eru nánari upplýsingar um skólaakstur Auðarskóla.

REGLUR UM SKÓLAAKSTUR

Skólaakstur fer fram samkvæmt reglugerð frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu nr. 656/2009. Að öðru leyti gilda reglur sveitarfélagsins um skólaakstur í Dalabyggð. Mikilvægt er að bílstjórum sé tilkynnt ef breytingar verða á ferðum nemenda. Skólinn þarf einnig að fá upplýsingar um það ef nemandi sem alla jafna fer með skólabíl á ekki að fara með bílnum þann daginn.

Nánar má lesa um reglur skólaaksturs í Dalabyggð:

<https://audarskoli.is/wp-content/uploads/2023/09/Reglur-Dalabyggdar-Skolaakstur-Breytt-20.-juli-2023.pdf>

SKÓLABÍLSTJÓRAR

Skólabílstjórar árið 2023-2024 verða eftirfarandi:

Leið 1: Guðbjörn Guðmundsson

Leið 2: Jón Egilsson

Leið 3: Ábyrgð: Skólastjóri

Leið 4: Þróstur Leó Þórðarson

Leið 5: María Hrönn Kristjánsdóttir

Leið 6: Sigurður Hrafn Jökulsson

Leið 7: Þórður Svavarsson

Leið 8: Sigmundur H. Sigmundsson

Á allar leiðir eru skráðir varabílstjórar og getur því breyst frá degi til dags yfir skólaárið.

A

Skólaakstur gekk eftir áætlun. Fella þurfti einstaka leiðir niður vegna ófærðar tvo til þrjá daga í vetur eftir leiðum. Mun færri dagar skólaárið 2023-2024 sem ekki var ekið en frá fyrra skólaári 22-23.
Góð samvinna milli skólabílstjóra og skólastjóra.

MÖTUNEYTI

Vínlandssetur ehf. tók við rekstri skólamötuneytis í byrjun skólaárs 2023. Mötuneyti grunnskóladeildar er í Dalabúð og þangað fara nemendur og starfsmenn til að matast. Þar er reiddur fram morgunmatur kl. 9:10-9:30, fyrir yngsta stig, og kl. 09.50-10.10, fyrir mið- og elsta stig, alla daga og hádegismatur kl. 11:50-12:20, fyrir yngsta stig, og 12.30-13.00, fyrir mið- og elsta stig, mán.-fim. Mælt er til þess að hálfu skólans að allir grunnskólanemendur séu í morgunmat og hádegismat. Þeir nemendur sem kjósa að koma með nesti að heiman borða það í mötuneytinu.

Leikskóli: Í leikskólanum er borinn fram morgunmatur kl. 08.00, hádegismatur kl. 11.30 og síðdegishressing kl. 14.30. Matast er inni á deildum skólans. Hádegismaturinn kemur frá skólamötuneytinu. Upplýsingar um mánaðarlegan matseðil er að finna á heimasíðu skólans.

MEGINMARKMIÐ

Við matseðlagerð, hráefnisval, matreiðslu og framreiðslu er haft að leiðarljósi að maturinn sé hollur og næringarríkur, sé lystugur og henti börnunum. Við skipulag, undirbúning og útfærslu eru leiðbeiningar í Handbók fyrir skólamötuneyti sem gefin var út af Lýðheilsustöð, hafðar að leiðarljósi. Reglulega er leitað til næringarráðgjafa með leiðbeiningar, yfirlestur matseðla og aðra ráðgjöf.

HELSTU VIÐMIÐ

- Lögð er áhersla á fjölbreytni við matseðlagerð, að orku- og næringargildi einstakra máltíða sé hæfilegt og takmörkun á salti og harðri fitu.
- Stefnt er að því að fiskur sé a.m.k. vikulega á matseðli.
- Lögð áhersla á að grænmeti og ávextir séu daglega í boði.
- Velja sem oftast ferskar/frosnar vörur og velja kjötvörur með minna en 10% fitu.
- Nota reglulega grænmetis/baunarétti til tilbreytingar.
- Miða við að saltur og reyktur matur verði ekki oft en mánaðarlega sem aðalréttur.
- Farsvörur eða naggar verði helst ekki oft en þrisvar í mánuði.
- Við skömmtun eru börnin hvött til að smakka á mat sem þeim er framandi með áherslu á að draga úr matvendni og einhæfni.
- Reglulega sé boðið upp á mat sem endurspeglar gamla íslenska matarhefð.

A

Vínlandssetur ehf. tók við rekstri mötuneytis 1. sept 2023. Fyrirkomulagið hefur reynst skólanum vel. Ávallt hefur verið farið eftir matseðli. Matseldin til sóma. Samstarf skólans við starfsmenn Vínlandsseturs sérstaklega gott. Greiðagott starfsfólk og ávallt tilbúið að leysa öll mál.

GÆSLA OG KÁTIDALUR

GÆSLA

Gæsla til skólaloka er úrræði fyrir nemendur á yngsta stigi sem eru með færri vikustundir en 37 á viku og fyrir nemendur á yngsta og miðstigi sem þurfa að bíða eftir skólabíl eftir að tímasókn þeirra lýkur. Gæslan, sem er gjaldfrjáls, er fyrir öll börn í 1.–4. bekk á skólasvæði Auðarskóla og einnig fyrir börn í 5.–7. bekk sem eru í skólaakstri. Börn á miðstigi, sem búa í Búðardal fara heim þegar tímasókn þeirra líkur. Um er að ræða gæslu í allt frá 240 mínútum á viku hjá yngsta stigi niður í 40 mínútur hjá miðstigi. Stuðningsfulltrúar grunnskólans annast gæsluna og er afar mikilvægt að láta starfsfólk vita ef nemandi er ekki í gæslu tiltekna daga. Hringja skal í aðalnúmer skólans 430-4757.

KÁTIDALUR

Frístund er í boði fyrir nemendur á yngsta stigi, eftir að skóla lýkur. Dvöl í Kátadal er valkostur sem foreldrar/forráðamenn geta sótt um og greiða sérstaklega fyrir. Staðsetning Kátadals er í Fjallasal leikskólans. Umsjónarmaður Kátadals skólaárið 2023-2024 er Marina Aleksandersdóttir. Mikilvægt er að láta ritara vita ef barn sækir ekki lengda viðveru og skal þá hringt í aðalanúmer skólans 430-4757. Starfstími Kátadals miðast við nemendadaga og því er lokað á frídögum, starfsdögum og foreldrasamstaldögum.

Kátidalur er í boði á mánudögum frá kl. 14.30, á þriðjudögum til fimmtudaga frá kl. 15:00 og frá kl. 12:30 á föstudögum. Hægt er að velja um tvo brottfarartíma: Kl. 16:00 og 16:30 á mánudögum og til fimmtudaga. Á föstudögum er Kátidalur starfandi til kl. 14:00. Aðeins er hægt að skrá nemendur í lengda viðveru annaðhvort í fjóra eða fimm daga vikunnar. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari samfelt í viku eða lengur. Innheimt verður fyrir mánuð í senn. Í Kátadal fá börn kaffitíma daglega og hádegismat á föstudögum.

A

Starfsemi Kátadals stóðst. Breyta þurfti opnunartíma á föstudögum í desember 2023 þegar breytingar voru gerðar á opnun leikskólans. Kátidalur lokar kl. 14 á föstudögum í takt við leikskólaopnun. Foreldrar voru upplýstir um breytingar og þar sem einungis eitt barn var þar í vistun höfðu þessar breytingar ekki mikil áhrif á þjónustustigið.

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN

Félagsmiðstöðin er undir grunnskóla Auðarskóla og kallar það á aukið samstarf skólans við félagsmiðstöðvarstarfið. Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10 til 16 ára upp á frístundastarf þar sem aðstaða er til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Auk þess hefur félagsmiðstöðvarstarf forvarnargildi ásamt uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri og þroska.

Öll börn og ungmenni á aldrinum 10 til 16 eru velkomin og hvött til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvar og er aðsetur félagsmiðstöðvar er í efri byggingu grunnskólans.

Félagsmiðstöð miðstigs er mánudaga klukkan 14:20 – 16:00

Félagsmiðstöð fyrir elsta stig er fimmtudaga frá 15:10 – 17:00

Í upphafi skólaárs er kosið í félagsmiðstöðvarráð þar sem öllum nemendum í 8.- 10. bekk er gefinn kostur á að taka sæti í ráðinu. Í félagsmiðstöðvarráðinu í vetur verða:

8.bekkur: Daldís Ronja Jensdóttir

9.bekkur: Mikael Hall Valdimarsson

10.bekkur: Benóní Meldal Kristjánsson

Dagskrá félagsmiðstöðvar er birt á heimasíðu Auðarskóla og á facebook síðunni: Íþróttir og tómstundir í Dalabyggð.

B	Starf félagsmiðstöðvar er staðsett í sama skólahúsnæði og grunnskólinn. Bæta þyrfti aðstöðuna og ákjósanlegast að færa starfið í annað húsnæði. Starfsemin hefur lítil áhrif á starf grunnskólans. Farnar voru nokkrar ferðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar á skólaárinu sem heppnuðust allar vel. Auka þarf skipulagt félagsstarf með meiri dagskrá fyrir þátttakendur. Fjölga þarf þátttakendum félagsmiðstöðvar þar sem það eykur möguleika ungmenna á félagslífi utan skólans og gefur þeim tækifæri til félagslegra samskipta á öðrum vettvangi en í sjálfu skólastarfinu. Stjórn félagsmiðstöðvarráðs fundaði nokkrum sinnum yfir árið. Skólastjóri mun leggja til skýrari starfsáætlun fyrir félagsmiðstöð, auka nemendalýðræði í tómstundastarfi, auka aðgengi að fundargerðum og virkja nemendur meira í félagsmiðstöðvarstarfi fyrir næsta skólaár.
---	---

UNGMENNARÁÐ DALABYGGÐAR

Auðarskóli starfar með ungmennaráði Dalabyggðar. Hlutverk ungmennaráðs er m.a.

- Að veita sveitarstjórn ráðgjöf um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að gæta hagsmuna ungs fólks, koma skoðunum þeirra og tillögum til skila.
- Að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

- Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Stjórn ungmennaráðs skipa 4 fulltrúar; formaður, varaformaður, ritari og varamaður. Ungmennaráð er skipað til tveggja ára í senn og skipað er í helming sæta árlega. Í ungmennaráði geta orðið allir þeir sem eiga lögheimili í Dalabyggð og eru á aldrinum 14 til 20 ára.

Stefnt er að því að halda kynningarfund á hlutverki og starfi ungmennaráðs fyrir nemendur Auðarskóla á hverju hausti.

A	Kynningarfundur var haldinn fyrir nemendur elsta stigs í Auðarskóla í september. Ungmennaráð hefur fundað á þessu skólaári. Í ungmennaráði hafa setið í vetur: Kristín Ólína Guðbjartsdóttir (formaður), Baldur Valbergsson, Matthías Hálfván Ostenfeld Hjaltason og Alexandra Agla Jónsdóttir. Fundargerðir og fundarefni ráðsins fara reglulega fyrir fræðslunefndarfundi og tekið er tillit til óska og athugasemda í starfi skólans. Fundargerðir ungmennaráðs á vef Dalabyggðar ekki til staðar.
---	---

TÓNLISTARSKÓLI

Tónlistarskólinn tekur þátt í félagsstarfi Auðarskóla og vinna tónlistarkennarar með nemendum utan hefðbundins skólastarfs við hin ýmis tækifæri. Viðburðir eru m.a. skipulagðir með nemendafélagi Auðarskóla. Til stendur að halda svipaða tónleika í Dalabúð með nemendum elsta stigs og haldnir voru 30. mars á síðasta skólaári. Tónleikar voru hluti af söfnun fyrir vorferðalag nemenda.

A	Tónlistarkennarar taka að sér að æfa nemendur fyrir einstaka viðburði á vegum skólans. Ekki voru haldnir tónleikar á vegum nemendafélags Auðarskóla á þessu ári. Tónlistarkennarar tóku að sér að þjálfa og æfa nemendur fyrir SamVest og fyrir skólaslit Auðarskóla.
---	---

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ UNDRÍ

Íþróttafélagið Undri býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir börn að skóladegi loknum.

Íþróttafélagið Undri var stofnað 24. ágúst 2021. Tilgangur Íþróttafélagsins Undra er að auka og efla íþróttaiðkun barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Markmið Íþróttafélagsins er að stuðla að auknum áhuga á líkamsrækt, hvers konar hreyfingu og heilbrigðu lífverni með það að leiðarljósi að stuðla að auknum þroska og framfara fyrir einstaklinga að ná framförum á þeirra áhugasviði. Með starfinu er lögð áhersla á forvarnir og vill félagið leggja sitt af mörkum til að vinna gegn notkun tóbaks og annarra hugbreytandi efna.

Dagskrá Undra er birt í íþrótt- og tómstundabæklingi Dalabyggðar, á facebook síðu félagsins og á heimasíðu Auðarskóla.

A	Dagskrá Undra og helstu samskipti við foreldra og börn fara fram á facebook síðu félagsins. Frístundabíll ók börnum á æfingar til og frá Auðarskóla að Laugum. Breytingar voru gerðar á stundatöflu skólans sl. haust til að koma á móts við æfingatíma Undra. Samstarf skólans og Undra mjög gott.
---	---

GLÍMUFÉLAG DALAMANNA

Glímufélagið býður upp á glímuæfingar í Dalabúð um helgar í vetur.

A	Samstarf við skólann gott.
---	----------------------------

VINNUSKÓLI DALABYGGÐAR

Öll ungmenni á aldrinum 13 til 17 ára með lögheimili í Dalabyggð geta sótt um í Vinnuskóla Dalabyggðar. Vinnuskólinn hefur aðsetur í Tónlistarskóla Auðarskóla, Dalabyggð.

A	Vinnuskólinn er starfræktur í húsnæði Tónlistarskólans á meðan á starfinu stendur. Samstarf við umsjónarmann Vinnuskólans mjög gott. Vel er gengið um tónlistarskólann af nemendum. Umsjónarmaður Vinnuskólans er jákvæður, samstarfsfús og bregst ávallt fljótt og vel við mögulegum verkefnum fyrir nemendur sem tengjast viðhaldi og hreinsun á skólasvæðinu.
---	--

SLYSAVARNADEILD DALASÝSLU

Slysavarnadeild Dalasýslu og Auðarskóli starfa saman að fræðslu um slysavarnir. Á hverju ári koma félagar úr Slysavarnadeildinni í leikskólann og halda fræðslu fyrir börn varðandi hjól og hjólabúnað. Einnig standa félagar Slysavarnadeildar fyrir könnun í samstarfi við Samgöngustofu á „Öryggi barna í bíl“ þar sem kannað er notkun öryggisbúnaðar barna í bíl og notkun bílstjóra á beltum. Niðurstöður könnunar eru að finna á heimasíðu Auðarskóla. Félagar Dalabyggðar hafa einnig gefið skólanum ýmsar gjafir og styrkt skólastarfið t.d. með veggspjöldum um öryggisatriði og reiðhjólahljálma fyrir 1. bekk

A	Gott samstarf á milli skólans og Slysavarnadeildarinnar. Slysavarnadeildin nýtir aðstöðu skólans til fundarhalda. Skólanum hafa borist gjafir frá deildinni af og til. Slysavarnadeildin kemur að skipulagi hjóladags og sér um fræðslu varðandi öryggismál.
---	--

FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Hefð er fyrir því að börn og nemendur í Auðarskóla heimsæki fyrirtæki og stofnanir í Búðardal á öskudegi hvert ár. Börnum eru þar gefnar gjafir af ýmsu tagi að launum fyrir söng. Nemendur elsta stigs standa fyrir happdrætti á kaffihúsakvöldi og á páskum og njóta þá m.a. velvilja ýmissa fyrirtækja

í Dalabyggð. Nemendur á ýmsum aldri hafa einnig farið í vettvangsferðir í stofnanir og fyrirtæki á skólatíma.

A	Ýmis fyrirtæki og stofnanir eru í góðu samstarfi við skólann. Fyrirtæki hafa boðið nemendum í heimsókn, leikskólinn fór í vettvangsferðir og á öskudaginn hafa nemendur fengið sælgæti og annan glaðning frá fyrirtækjum og stofnunum. Stofnanir og fyrirtæki standa vel við bakið á skólastarfinu og njóta nemendur þess á margvíslegan hátt.
---	--

HEILSUGÆSLAN

Á árlegum Bangsadegi leikskólans mega börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann. Þá fara börnin í heimsókn á heilsugæsluna og hitta skólahjúkrunarfræðing. Hjúkrunarfræðingurinn skoðar bangsana, hjúkrar þeim og veitir veikum eða slösuðum böngsum aðhlynningu og góð bata-ráð.

C	Fór ekki fram á þessu skólaári. Vegna anna í starfi heilsugæslu reyndist ekki hægt að koma þessum viðburði á dagskra.
---	---

RÆKATARSALUR ÓLA PÁ

Auðarskóli nýtir ræktarsal Óla Pá til ípróttakennslu á miðvikudögum kl 13:30- 15:10 og á fimmtudögum kl 9:10-9:50.

A	Mjög gott samstarf á milli skólans og Óla Pá.
---	---

DVALARHEIMILIÐ SILFURTÚN

Auðarskóli er með samning við dvalarheimilið þar sem fram kemur hvernig samskiptum skuli háttað. Þar er kveðið á um að allar deildir skólans heimsæki heimilið reglulega. Dæmi um slíkt er að nemendur á miðstigi fara og spila félagsvist, nemendur grunnskólans í tónlistarnámi mæta til þess að spila og syngja fyrir eldri borgara. Þá heimsækir leikskólinn heimilið mánaðarlega. Samstarf Silfurtúns og Auðarskóla hefur legið niðri vegna heimsfaraldurs sl. ár. Á skólaárinu er stefnt að taka aftur upp heimsóknir nemenda á Silfurtún.

A	Nemendur fóru í heimsókn á Silfurtún í desember og glöddu íbúa með söng og gleði. Fjölga þyrfti þessum ferðum ef eitthvað er.
---	---

SKÓGRÆKT Í BÚÐARDAL

Auðarskóli hefur til umræða nokkurt svæði fyrir austan þorpið í Búðardal til þess að planta trjám. Það eru nemendur á miðstigi sem standa þar í gróðursetningu einu sinni á ári. Heimsóknir til fyrirtækja og

stofnana. Á vegum Auðarskóla er reglulega farið í heimsóknir út í nærsamfélagið. Einnig fær skólinn reglulega heimsóknir frá aðilum samfélagsins, sem koma og fræða um eitt og annað.

STUÐNINGUR FÉLAGASAMTAKA

Félög í samfélagi Dalanna styrkja mjög reglulega hina ýmsu starfssemi skólans. Leik-, grunn- og tónlistarskóli ásamt foreldrafélagi skólans hafa fengið góðar gjafir undanfarin ár. Dæmi um félög sem styrkja skólann eru: Kvenfélagið Fjólan, Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir, Lionsklúbburinn í Búðardal og Félag Sauðfj árbænda og Slysavarnadeild Dalasýslu.

A	Samstarf gott og skólanum berast af og til gjafir.
---	--

2. SKÓLAREGLUR

Skólareglur Auðarskóla eru unnar í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91/2008, 30. grein) og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar er kveðið á um að grunnskólar skuli setja skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum þar sem úrræði og viðbrögð taki mið af persónuþroska og hæfni nemenda og stuðli sem best að jákvæðri hegðun.

Hafið er ferli breytinga á skólareglum Auðarskóla. Starfsmenn grunnskólans hafa nú þegar lagt til tillögur að breytingum og eru fyrstu drög tilbúin. Áfram verður haldið eftir áramót og þá munu fleiri hópar innan skólasamfélagsins rýna í skólareglurnar og koma með breytingatillögur, athugasemdir og ábendingar.

SKÓLAREGLUR AUÐARSKÓLA

Ath! Skólareglur eru í endurskoðun og munu taka breytingum fyrir skólaárið 2023-2024.

Skólareglur Auðarskóla gilda fyrir alla aðila sem að skólastarfinu koma og allsstaðar þar sem þeir eru á vegum skólans.

Námið. Við mætum stundvíslega, vel undirbúin með þau gögn sem nota skal. Við skulum vinna eins vel og við getum.

Samskipti. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá frið við leik og störf. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og vinsemd.

Heilbrigði. Við tileinkum okkur hollar lífsvenjur. Notkun sælgætis og gosdrykkja er óheimil á skólatíma, nema í undantekningartilvikum með leyfi skólastjóra. Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð, undir það falla t.d. rafrettur.

Skólalóðin. Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina á skólatíma án leyfis. Við göngum um skólalóðina okkar af virðingu. Nemendur eru á ábyrgð foreldra utan skólalóðar bæði í og úr skóla nema um skólaakstur sé að ræða.

Ábyrgð. Við berum ábyrgð á eigin framkomu og munum að skólinn ber ekki ábyrgð á persónulegum verðmætum, sem komið er með í skólann. Óheimilt er að koma með í skólann þau tæki og tól sem geta valdið skaða.

Umgengni. Góð umgengni er í hávegum höfð í Auðarskóla. Við göngum vel um skólann og berum virðingu fyrir eigum hans og hvers annars. Við röðum skóm, göngum frá útifatnaði og hirðum vel um námsbækur og önnur gögn.

Ferðir. Í ferðalögum og á skemmtunum skólans eru allar reglur skólans í fullu gildi, nema annað sé tekið fram.

VERKREGLUR VARÐANDI EINSTAKA SKÓLAREGLU

Varðandi einstakar skólareglur geta viðurlög verið mismunandi og skal ávallt leitast við að viðurlög komi nemanda að sem mestu gagni við að bæta hegðun sína.

Námið: Mikilvægt er að nemandi sinni náminu af kostgæfni og er mæting og ástundun stór þáttur í því. Ef að mæting og ástundun er ábótavant er nemandi gefinn kostur á því að bæta þar úr. Undirritaður er sérstakur samningur vegna þessa.

Samskipti: Í skólanum eru starfsmenn í verkstjórnarhlutverki og verða nemendur að hlíta tilmælum þeirra í hvívetna. Ef samskipti nemenda á milli eða milli nemenda og starfsfólks brjóta reglur um almenna virðingu í samskiptum er brugðist við samkvæmt almennum starfsreglum.

Heilbrigði: Ef nemandi verður uppvís að reykingum, neyslu eða sölu áfengis eða annarra vímuefna þarf viðkomandi að sækja fræðslu um vímuvarnir. Einnig má nemandinn eiga von á því að vera vísað úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða lengur eftir atvikum. Gosdrykkir og sætindi eru gerð upptæk hjá nemanda á skólatíma, nema fyrir liggi sérstakt leyfi frá skólanum.

Skólalóðin: Nemendur á yngsta og miðstigi hafa ekki leyfi til að yfirgefa skólalóð nema skilaboð um það komi frá foreldrum/forráðamönnum. Ef það gerist eru foreldrar/forráðamenn látnir vita. Eldri nemendur þurfa ávallt að hafa leyfi skólans til að fara af skólalóð á skólatíma. Notkun reiðhjóla, línuskauta, hlaupahjóla og hjólabretta á skólalóð er bönnuð á starfstíma skólans vegna slyshættu.

Ábyrgð: Nemendur bera ábyrgð á þeim verðmætum sem þeir kjósa að koma með í skólann og skólinn bætir ekki tjón á þeim verðmætum. Ef komið er með vopn, eggjárn, skotelda og aðra hluti sem skaða geta valdið er slíkt gert upptækt, foreldrum og eftir atvikum lögreglu gert viðvart og viðkomandi getur átt á hættu að vera rekinn úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða lengur eftir atvikum.

Umgengni: Ef nemandi er uppvís að slæmri umgengni eða sóðaskap þarf hann að þrifa eftir sig. Nemendur skulu ávallt ganga frá útifatnaði og skóm í andyrum skólans. Ef nemandi veldur viljandi eða með hirðuleysi skemmdum á eignum skólans eða annarra má hann búast við því að þurfa að bæta skaðann.

Ferðir: Skólareglur gilda í skólabílum og öllum ferðalögum á vegum skólans. Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á reglum skólans eða landslögum hvar sem hann er staddur á vegum verður hann, í samráði við skólastjóra, sendur heim á kostnað forráðamanna sinna. Annað starfsfólk, skólabílstjórar og eftir atvikum aðrir kennarar komi upplýsingum um brot til umsjónarkennara svo þeir geti skráð brotið hjá sér. Við alvarleg og ítrekuð brot á skólareglum getur þurft að grípa til tímabundinnar brottvísunar úr skóla, brottvísunar úr einstökum greinum eða brottvísunar um lengri tíma meðan

leitað er úrlausnar mála. Um brottvísun úr einstökum greinum eða brottvísunar í lengri tíma en nemur einum skóladegi gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Þar sem viðbrögð við brotum á agareglum eru samvinnuverkefni foreldra/forráðamanna og skóla væntir Auðarskóli þess að foreldrar/forráðamenn verði í góðu samstarfi með að framfylgja skólareglum og viðurlögum við þeim. Við meðferð agabrota er varða landslög er lögreglu og félagsmálayfirvöldum gert viðvart eftir atvikum.

A	Skólareglurnar eru góðar og gildar. Skólareglurnar eru í uppfærslu og hafa starfsmenn skólans tekið þær fyrir og lagt fram breytingar. Reglurnar eru nú í höndum leikskólastarfsfólks sem mun koma með ábendingar um það sem bæta þarf. Í upphafi skólaársins 2024 munu nemendur fá þær undir hendur og fá tækifæri til að hafa áhrif og skoðun á þær.
---	--

B	Verklagsreglur varðandi einstaka skólareglu eru nýttar mismikið og ekki nægilega mikið samræmi starfsfólks á milli. Útskýringuna gæti verið að finna í því að starfsfólk hefur ekki fengið nægilega miklu kynningu á verklagsreglur varðandi einstaka skólareglu. Eins gæti svarið verið fólgið í að samráðsfundir vegna viðbragða gagnvart brotum á skólareglum hafa ekki verið settir í forgang.
---	--

3. STOÐÞJÓNUSTA

Dalabyggð er með samning við Ásgarð - íslensk skólaráðgjöf. Faglegur stuðningur ráðgjafa Ásgarðs við skólastjórnendur, kennara, foreldra og annað starfsfólks felst fyrst og fremst í stuðningi, aðstoð við framkvæmd, finna lausnir og rjúfa einangrun. Skólastjórnendur eru ávallt framkvæmdastjórar sinna stofnana og nýta sér eftir aðstæðum þá sérfræðiráðgjöf sem hentar best hverju sinni.

B	Skipulag stoðþjónustu gekk eftir miðað við það skipulag sem lagt var upp með. Þjónustuna þarf að bæta og aðlaga að breyttum starfsháttum í samræmi við lög og reglur. Verið er að endurskipuleggja stoðþjónustu fyrir Auðarskóla og Dalabyggð. Í vinnslu er handbók um skólaþjónustu og innleiðingar farsældar í Dalabyggðar. Breytingar standa yfir og eru verkferlar eru í endurskoðun. Innleiðing farsældar stendur yfir. Stefnt er að útgáfu handbókar í upphafi skólaárs 2024-2025 og stefnt að því að verkferlar verði tilbúnir þannig að hægt verði að vinna eftir þeim og prufukeyra.
---	---

LAUSNATEYMI

Á þessu skólaári stendur til að stofna lausnateymi. Lausnateymi er jafningjastuðningur við kennara og hlutverk þess er að veita ráðgjöf vegna hegðunar-, samskipta- og eða námserfiðleika nemenda. Teymið styður kennara með því að skoða vandann og koma með tillögur að lausn mála. Gerð er áætlun um næstu skref og lagðar fram hugmyndir af lausnum sem mögulegt væri að nota. Umsjónarkennari eða lausnateymi vísar þeim málum til nemendaverndarráðs sem ekki hefur tekist að leysa.

Markmið teymisins eru:

- meta þarfir nemenda með hliðsjón af upplýsingum um þá
- leita viðeigandi lausna
- veita stuðning og ráðgjöf

B	Lausnateymi voru sett á laggirnar eftir áramót í grunnskólanum. Verkferlar og ný vinnubrögð voru prufukeyrð. Starfsfólk sammála um að lausnateymi gagnist nemendum vel. Halda þarf áfram þróun lausnateyma og festa og formgera starfshætti. Í bígerð er að innleiða lausnateymi í leikskóla. Lausnateymin fylgja stigum, þ.e. starfsfólk á hverju stigi leita lausna fyrir nemendur. Fundargerðir skráðar eftir hvern fund.
---	--

NEMENDARVERNDARRÁÐ

Við skólann starfar nemendaverndarráð. Í reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda og nemendaverndarráð í grunnskólum segir að skólastjóri grunnskóla samræmi innan hvers grunnskóla og leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Jafnframt skal skólastjóri stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri sérkennslu. Aðrir aðilar eru kallaðir inn eftir þörfum. Ráðið fer yfir og metur umsóknir um stoðþjónustu og kemur erindum í farveg sem leiðir til lausna. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Fundað er að jafnaði á mánaðarfresti þegar skólasálfræðingur kemur til vinnu. Ábyrgðaraðili er skólastjóri.

A

Gekk vel og eftir áætlun. Tvisvar þurfti að færa fundartíma vegna óveðurs annarsvegar og forfalla starfsfólks hinsvegar. Huga þarf betur að hlutverkum fulltrúa í nemendaverndarráði. Skoða þarf hvaða þættir eiga heima undir nemendavernd og skerpa betur á verklagi ráðsins.

SÉRKENNSLA

Meginmarkmið með sérkennslu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluaðferðum. Hún er skipulögð í lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Sérkennsla einstakra nemenda eða hópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda.

Gerðar eru námsáætlanir fyrir alla nemendur sem eru með greindan námsvanda. Áætlanirnar eru gerðar í upphafi skólaárs. Kennarar sem annast sérkenntu bera ábyrgð á gerð námsáætlana í samráði við umsjónarkennara og ræða þær við foreldra í fyrra foreldraviðtali vetrarins.

Einstaklingsnámskrá er námsáætlun fyrir einstakling þar sem markmiðin eru fyrst og fremst sniðin að þörfum hans en taka þó mið af markmiðum árgangsins. Einstaklingsnámskrá getur falið í sér námsáætlun í mörgum námsgreinum fyrir sama einstakling eða einungis áætlun í einni grein. Þegar um mikil frávík frá skólanámskrá er að ræða koma sérkennari, umsjónarkennari og foreldrar að gerð slíkra áætlana í upphafi hvers skólaárs. Sérkennari sér um að útfæra áætlunina og bera hana undir samþykki foreldra. Þá eru haldnir fundir reglulega þar sem farið er yfir gang mála í námi og líðan nemandans og gerðar tillögur að áherslubreytingum.

B	Starfsfólki hefur fjölgað í sérkennsluteymi grunnskólans. Eins hefur fjölgun starfsfólks sem og sérhæfing leitt af sér betri þjónustu við leikskólabörn. Skerpa þarf betur á samvinnu og nýtingu starfsfólks í grunnskóla. Skerpa þarf á vinnulagi og verkferlum ásamt verkaskiptingu með tilkomu þroskaþjálfara
---	--

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Skólasálfræðingur Auðarskóla kemur reglulega til starfa í skólanum. Mál er varða þroska og hegðun heyra undir hans sérfræði. Sálfræðiþjónusta (greining og ráðgjöf) gagnvart einstökum nemendum er gerð í kjölfar beiðni, sem þarf að gera á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Forráðamenn barna, starfsmenn leik- og grunnskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu geta átt frumkvæði að athugun og greiningu á einstökum nemendum. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans.

A	Samningur er gerður við sálfræðing fyrir hvert ár. Sálfræðingur kemur einu sinni í mánuði og situr nemendaverndarráðsfundi. Sálfræðingur sinnir frumgreiningum og skimunum. Skilafundir haldnir með foreldrum og umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa, sérkennara og/eða þroskaþjálfara eftir því sem við á.
---	--

TALMEINAFRÆÐINGUR

Mál er varða málþroska og framburð eru hluti stoðþjónustu. Foreldrar eða skóli leggja inn beiðni til verkefnastjóra sérkennara um þjónustu á greiningu talmeina. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans. Í þeim tilfellum þegar nemandi þarfnast talþjálfunar eru foreldrar upplýstir um talmeinafræðing og er foreldrum bent á þátttöku Sjúkratrygginga Íslands í

kostnaði vegna slíkrar þjálfunar. Fyrirtækið Trappa ehf. hefur verið í samvinnu við skólann þegar kemur að talþjálfun og er boðið upp á fjarþjálfun.

A	Gekk eftir skv. áætlun og beiðnum. Nemendur njóta þjónustu Tröppu og sinnir talmeinafræðingu fjarþjálfun. Engu að síðar mætti huga að því að fá talmeinafræðing í skólann í verktakavinnu líkt og sálfræðingþjónustu við skólann.
---	---

GREININGAR Á NÁMSÖRÐUGLEIKUM

Verkefnastjóri sérkennslu ásamt sálfræðingi sinna sérkennsluráðgjöf og greina námsvanda auk þess að veita ráðgjöf til skóla og heimil varðandi nám og kennslu. Beiðnir um greiningu fara í gegnum umsjónarkennara og sérkennara skólans. Sérkennari sinnir fyrstu lestrar- og stærðfræðigreiningum í skólanum.

A	Gekk eftir skv. áætlun og beiðnum. Málefni nemenda einnig tekin fyrir í lausnateyminum á vorönn. Gera þarf verkferlum betur skil og nýta lausnateymin enn frekar. Handbók um skólaþjónustu mun skerpa á vinnubrögðum skólans.
---	---

LAUSNALEIT

Frá árinu 2016 hefur verið unnið með verkefnið „Lausnaleit“ í Auðarskóla. Þar er unnið með einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir byggðar á virknimati sem er lausnamiðað ferli til að takast á við fjölþættan vanda, þ.e. náms- og hegðunarlegum hjá nemendum. Þessi vinna byggir á atferlisgreiningu. Námskeið var haldið í október 2023 til að kenna nýjum starfsmönnum markmið og tilgang lausnaleitar, virknimatssem og verkferla og skerpa á þessu verkfæri fyrir aðra starfsmenn.

B	Lausnaleitin er ákveðið verkfæri sem Auðarskóli hefur nýtt sér undanfarin ár með góðum árangri. Mikilvægt er að þjálfa nýja starfsmenn í notkun þess svo allir viti til hvers er ætla að af nemenda í lausnaleit. Einnig þarf að fylgja betur ferlinu í kring um lausnaleitina svo hún verði sem árangursríkust. Sérkennarar, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfari sátu námskeið í sl. haust með Sesselju. Starfsfólk þarf að halda áfram að þjálfa sig í notkun þessa verkfæris.
---	--

HEILSUGÆSLA

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd og hluti af heilsugæslunni. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Skólahjúkrunarfræðingur Auðarskóla er Þórunn Björk Einarsdóttir. Netfang: thorunn.einarsdottir@hve.is

REGLUBUNDNAR SKOÐANIR OG BÓLUSETNINGAR

Heilsufarsskoðanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk. Skoðunin felur í sér sjónpróf, hæðar- og þyngdarmælingu auk fræðslu og viðtals um lífsstíl og líðan. Bólusetningar eru í 7. og 9. bekk.

7. b.: Mislingar, rauðir hundar og hettusótt (ein sprauta) og HPV gegn leghálskrabbameini hjá stelpum (2 sprautur á 6 mánuðum).

9. b.: Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta). Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna.

FRÆÐSLA/FORVARNIR

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu í öllum bekkjum skólans. Aðaláherslan er á 6H heilsunnar en hugmyndafræðin byggir á því að hugsa vel um heilsuna og fyrirbyggja þannig sjúkdóma. 6H heilsunnar eru: Hreyfing, hvíld, hamingja, hreinlæti, hugrekki og hollusta. Skólahjúkrunarfræðingur sinnir einnig kynfræðslu í efri bekkjum skólans þar sem farið er yfir kynþroskann, kynheilbrigði, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir ofl. Börn og foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf og stuðning skólahjúkrunarfræðings hvenær sem þurfa þykir yfir skólaárið.

B	Gott samstarf. Festa þarf betur niður skipulag varðandi heimsóknir skólahjúkrunarfræðings. Þarf að gerast með skólastjórnanda í ágúst hvert ár.
---	---

4. MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAPRÓUN

Um mat á skólastarfi grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi í leik- og grunnskóla er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og kallast innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efla skólapróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Megináhersla er lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber Menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

INNRA MAT

Helsta gagnaöflun skólans í innra mati eru viðhorfskannanir sem ná til allra hagsmunaaðila er tengjast starfsemi skólans. Á hverjum vetri eru lagðar spurningakannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur samkvæmt matsáætlun. Auðarskóli er formlegur þátttakandi í Skólapúlsinum. Skólapúlsinn er sjálfsmatskerfi sem skólar nota til að bæta skólastarf sitt og þróa í átt að betri gæðum. Skólapúlsinn hefur þróað og hannað samræmda spurningalista eða spurningakannanir frá árinu 2008 og verður Auðarskóli nú hluti þess. Sjálfsmatskerfi Skólapúlsins er formlegt matstæki og veitir stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er um þætti skólastarfsins.

Í gegnum þátttöku í Skólapúlsinum fær skólinn réttmæt gögn til að skilgreina einstaka þætti starfsins og vinna að áframhaldandi þróun með endurmati. Einn af kostum Skólapúlsins er m.a. að hægt verður að bera skólastarf Auðarskóla saman við aðra skóla í landinu. Val á spurningakvörðum tekur mið af íslenskum aðstæðum og er þar m.a. byggt á nýjum upplýsingum sem fengist hafa með PISA

rannsóknunum á Íslandi. Sjálfvirkni sjálfsmatskerfisins tekur bæði til söfnunar og úrvinnslu gagna sem veitir skólanum rýmra svigrúm til rýni á niðurstöðum. Héðan af verða því spurningakannanir til nemenda, foreldra og starfsfólks frá Skólapúlsinum. Að sjálfsögðu verða einnig aðrar kannanir sendar út frá skólanum sjálfum en þær koma þá til með að einblína á afmarkaða þætti skólastarfsins. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum, líkt og í öllum könnunum Auðarskóla, og því verður ekki hægt að sjá hver svarar hverju. Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfi Skólapúlsins á www.skolapulsinn.is/um

[Um innra mat Auðarskóla: Innra mat | Auðarskóli \(audarskoli.is\)](#)

Veturinn 2023-2024 verða tekin fyrir gæðaviðmið um stjórnun og faglega forystu, árangur náms og gæði kennslu í grunnskólum og munu þau birtast í menntastefnu Dalabyggðar.

B	<p>Kannanir á vegum Skólapúls voru lagðar fyrir og gögnum safnað. Allt starfsfólk skólans fékk kynningu á niðurstöðum. Haldinn var matsfundur á skipulagsdegi 5. Júní í grunnskólanum. Starfsfólk lagði fram umbótaþætti sem huga þarf að. Stjórnendur munu forgangsraða þeim og gera grein fyrir í matsskýrslu. Næsta skólaár verður stofnað gæðaráð sem samansett verður úr breiðara hópi en áður hefur verið. Nokkrar kannanir voru einnig sendar út fyrir sértækari þætti skólastarfs á mismunandi hópa.</p> <p>Starfsmannasamtöl fóru fram og gefa ákveðnar vísbendingar um stöðu mála.</p> <p>Stjórnendur héldu fund með stjórn nemendafélagsins í lok skólárs. Mál rædd þar um hvað betur mætti fara.</p> <p>Fulltrúar nemenda í Skólaráði hafa einnig lagt fram hugmyndir að umbótum.</p>
---	---

A	<p>Menntastefna Dalabyggðar var unnin á skólaárinu í samstarfi við ráðgjafa Ásgarðs og skólasamfélagsins. Stefnan var samþykkt á öllum stigum í vetur og er orðin opinber á heimasíðu skólans og heimasíðu sveitarfélagsins. Innleiðing stefnunnar hefst á næsta skólaári. Gæðaviðmið munu verða tilbúin fyrir haustið.</p> <p>Menntastefnan verður leiðarljósið í starfi skólans og sveitarfélaginu í átt að betri gæðum skólans. Á að hríslast niður í allt starf skólans. Mat á innleiðingu og starfinu mun fara í gegnum gæðaviðmiðin.</p>
---	--

PRÓUNARSTARF OG ÁHERSLUR Í STARFI

Skólastarf Auðarskóla er í sífelldri þróun. Á skólaárinu 2023-2024 er lögð áhersla á innleiðingu leiðsagnarnáms með aðstoð skólaþjónustu Ásgarðs. Áhersla er áfram lögð á samþættingu námsgreina með þróun verkefna í þeim anda.

B	Leiðsagnarnám var formlega innleitt í grunnskólanum á skólaárinu. Starfsfólk sat fyrirlestra og fundi með ráðgjafa Ásgarðs einu sinni í mánuði á árinu. Öll gögn, efni og verkfæri sem ráðgjafar veittu starfsfólki er inni á Askinum. Sérstakt drif var stofnað inni á Askinum með öllum gögnum fyrir starfsfólk skólans. Starfsfólk nýtti sér að stærstum hluta ráðleggingar ráðgjafa. Kennarar voru áhugasamir og prófuðu sig áfram. Samþætting námsgreina var keyrð áfram af kennurum í sex lotum á öllum stigum. Sama þemað tekið fyrir í hverri lotu. Áherslur og inntak mismunandi eftir aldri og þroska nemenda. Áfram verður haldið á næsta ári með innleiðingu leiðsagnarnáms og kennslu og leiðsagnarmats. Kennarar þurfa meiri þjálfun í leiðsagnarmati. Nýtt starfsfólk mun einnig þurfa á kennslu og stuðningi halda.
---	---

Áfram verður haldið með Leiðtogann í mér verkefnið. Starfsfólk hvatt til að vinna eftir gildum þess verkefnis og nota tungutakið í vinnu með nemendum. Í vetur verður unnið að uppfærslu læsisstefnu. Stefnan á að vera leiðarljós nemenda, kennara og foreldra og skal markvisst unnið eftir henni.

Með þátttöku Auðarskóla í Skólapúlssi er vonast til að hægt verði að þróa innra mat skólans í átt að betri nýtingu gagna í þágu aukinna gæða skólastarfs.

C	Leiðtoga verkefnið var sett á pásu yfir vetrartímann. Starfsfólk ræddi í starfsþróunarsamtölum að það saknaði þess að ekki væri gert meira úr 7 venjum í skólastarfinu. Skólastjóri mun halda leiðtogaverkefninu betur á lofti á næsta ári.
---	---

LÆSISSTEFNA

Þjóðarsáttmáli um læsi var undirritaður af fulltrúum allra sveitarfélaga árið 2015 og í honum skuldbinda sveitarfélög sig til þess að setja sér markvissa lestrarstefnu. Markmið með læsisstefnunni er að efla læsi í víðu samhengi, samræma kennsluhætti og námsmat milli skólastiga. Lestarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi en bágur lesskilningur getur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri síðar meir. Læsisstefna Auðarskóla var gefin út í mars 2020 og á hún bæði við leikskóla- og grunnskólastigið. Læsisstefnu Auðarskóla er að finna á heimasíðu skólans. Til stendur að endurskoða læsisstefnuna á þessu skólaári.

C

Var ekki gert í ár, verður að gerast á næsta skólaári. Mat stjórnenda að fresta uppfærslu á læssisstefnu vegna innleiðingar leiðsagnarkennslu og mats ásamt öðrum breytingum.

LEIÐSAGNARMAT

Leiðsagnarmat byggir á markmiðum og viðmiðum um árangur sem sett eru af kennara eða í samstarfi kennara og nemenda. Nemandinn og kennarinn meta í sameiningu hvort að verkefnin sem nemandinn vinnur uppfylli það viðmið sem sett hefur verið. Leiðsagnarmatið fer nánast alltaf fram með nemandanum og um leið og námið fer fram. Hvort að viðmið um árangur hafi gengið eftir getur verið metið af nemendunum sjálfum, með námsfélaga, með kennara og forráðamönnum. Leiðsagnarnám felur í sér ígrundun og samtöl þar sem nemendur eða nemendahópar ígrunda hvort viðmið um árangur hafi náðst eða kennari og nemandi í ígrundunarsamtali.

Öll verkefni í Auðarskóla byggja á ákvörðunum um nám sem byggja á Námsvísi skólans. Verkefnin eru fjölbreytt og fela í sér fjöldann allan af sjálfsmats- og ígrundunarverkefnum. Stóru grunnþáttapemun fela öll í sér ákveðna niðurstöðu sem nemendur kynna í nemendastýrðu foreldraviðtali eða á meðal samnemenda og stundum á stærri viðburðum (t.d. ráðstefnum eða opnum fundum).

B

Vinna í fullu gangi. Upp upp og áfram

FAGTEYMI

INNRA MATSTEYMI

Um innra mat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögunum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Innra mat á að leiða af sér aukin gæði skólastarfs og betri námsárangur. Það snýst fyrst og fremst um að bæta nám og velferð nemenda, námsárangur og námsaðstæður með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna. Tilgangur innra mats er því að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum.

Það á við nám og námsárangur, eflingu fagmennsku starfsfólks og yfirsýn skólasamfélagsins á gæðum og árangri starfsins.

Allar skýrslur um innra mat er að finna á heimsíðu Auðarskóla. <https://audarskoli.dalir.is/um-skolann/gaedamal/innra-mat/>

Innra matsteymi skólaárið 2023-2024:

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri

Bergþóra Jónsdóttir sérkennari

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir deildarstjóri

C	Innra matsteymi var ekki virkt í starfi sínu í vetur. Helstu ástæður eru að fastir fundartímar voru ekki settir á dagskrá í upphafi skólaárs sem og leyfi eins fulltrúans í teyminu. Markmiðið er að sinna innra mati mun betur á næsta ári og festa í sessi skipulag innra mats með starfsáætlun, föstum fundartímum, betri nýtingu gagna s.s. lesfimi skimana. Tengja þarf matsáætlun betur við gæðaviðið menntastefnu og markmið skólans í átt að betri gæðum.
---	---

ÁFALLATEYMI AUÐARSKÓLA

Herdís Erna Gunnarsdóttir

Pórunn Björk Einarsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

Magnús Baldursson sálfræðingur

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

B	Enginn fundur haldinn á skólaárinu. Ekki reyndist þörf á.
---	---

GEGN EINELTI – FAGTEYMI AUÐARSKÓLA

Kristján Elvar Meldal

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

Maria Ylfa Lebedeva

Svanhvít Lilja Viðarsdóttir

B	Gott samstarf og unnu samkvæmt skipulagi. Eineltismál munu að líkindum falla í skaut forvarnarteymis.
---	---

STÆRÐFRÆÐITEYMI

Bergþóra Jónsdóttir
Kristján Meldal
Christine Sarah Arndt
Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir
Jóna María Gísladóttir

C

Var ekki gert í ár, verður að gerast á næsta skólaári. Tengist innleiðingu stærðfræðistefnu og gagna úr Talnalykli

5. FORELDRASAMSTARF

Niðurstöður rannsókna sýna að stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan. Velferð nemenda verður því best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla. Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla.

MIÐLUN UPPLÝSINGA TIL FORELDRA

Mikil samskipti fara fram á milli foreldra og skóla með rafrænum hætti. Karellen og Mentor eru upplýsingaveitur skólans til foreldra, á leikskólastigi Karellen og á grunnskólastigi Mentor. Upplýsingar fara til foreldra með tölvupósti og/eða símtölum. Vikulokabréf eru send af umsjónarkennurum í lok hvernar viku af starfi hvers grunnskólastigs. Ástundun er send út aðra hverja viku til foreldra. Fréttir, viðburðir og tilkynningar eru einnig birtar á vef skólans og foreldrar hvattir til að fylgjast vel með.

A

Upplýsingar til foreldra voru mjög örar og miklar er varðar allt skólastarf. Tekið var upp ný upplýsingarleið fyrir foreldra leikskólans en það er að senda fréttabréf með helstu upplýsingum um starfið auk þess að hafa myndir af leik og starfi. Er þetta gert aukalega fyrir utan Karellen, Mentor og heimasíðu.

FORELDRAFUNDIR OG FORELDRASAMTÖL

Í september fara fram foreldrafundir. Hvert stig heldur sinn fund þar sem foreldrar koma saman með deildarstjóra eða umsjónarkennara og fara yfir áætlanir vetrarins og fl. sem lítur að skólastarfinu. Á þessum fundum eru bekkjatenglar foreldrafélagsins kosnir. Foreldrasamtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið. Foreldrar barna grunnskólans koma með börnum sínum til samtals hjá umsjónarkennara og fara yfir námsframvindu nemenda. Á skólaárinu 2023-2024 verða foreldrasamtöl grunn- og leikskóla samkeyrð 3. október og 21. febrúar. Gert er ráð fyrir að í tónlistarskólanum fari fram a.m.k. eitt foreldrasamtal á hverju skólaári fyrir hvern nemanda.

A

Foreldrasamtöl voru haldin skv. skipulagi, gengu vel. Foreldrafundir voru nokkrir yfir skólaárið og voru ágætlega sóttir.

FORELDRAFÉLAGIÐ

Í Auðarskóla er sameiginlegt foreldrafélag fyrir leik- og grunnskóla. Hlutverk félagsins er að styðja skólustarfið og efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólustarf með menntun og velferð nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Aðalfundur félagsins er haldinn að vori ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Upplýsingar um fulltrúa, starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins verður að finna á heimasíðu skólans.

Stjórn foreldrafélags Auðarskóla skólaárið 2023-2024

Hafrún Ösp Gísladóttir, formaður foreldrafélags Auðarskóla .

Sara Kristinsdóttir, gjaldkeri

Sigrún Margrét Halldórsdóttir, ritari

Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir og Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir meðstjórnendur

Ólafur Geir Árnason varamaður.

Sara Kristins tekur einni að sér setu í skólaráði og Hafrún tekur að sér setu í fræðslunefnd.

Tengiliðir foreldrafélagsins: Enn hefur ekki náðst að finna tengiliði

A

Virkt foreldrafélag með gott og flott starf fyrir börnin, gleymdist að fylla í tengiliðina. Viljum endurvekja bekkjartengla.

6. STEFNUR OG ÁÆTLANIR

Áætlanir skólans eru yfirfarnar og endurskoðaðar í upphafi skólaárs og eins oft og þurfa þykir. Öryggisáætlanir og aðrar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

RÝMINGARÁÆTLUN

Rýmingaráætlanir fyrir leik- og grunnskóla voru uppfærðar í ágúst 2023, sjá hér:

<https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/stefnur-og-aaetlanir/rymingaraaetlanir/>

A

Rýmingaráætlanir voru uppfærðar á árinu. Rýmingaræfing var haldin með slökkviliði Dalabyggðar í fimmtudaginn 7. September 2023. Halda þarf rýmingaræfingu árlega.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓVEÐRI OG ÓFÆRÐ

Áætlun um viðbrögð við óveðri og ófærð má lesa á heimasíðu skólans, sjá hér:

<https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/stefnur-og-aaetlanir/oryggisaaetlanir/vedur-og-ofaerd/>

A

Áætlanir eru virkar. Lítið reyndi á á skólaárinu. Færð og veður höfðu lítil áhrif á skólastarf.

MÓTTAKA NEMENDA

Auðarskóli leggur áherslu á að nýir nemendur og foreldrar fái hlýjar móttökur þegar komið er í skólann. Móttökuáætlun nýrra nemenda er að finna á heimasíðu Auðarskóla.

<https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/stodkerfi/mottaka-nemenda/>

A

Móttökuáætlun er til staðar. Uppfæra þarf áætlun fyrir næsta ár. Öll atriði sem í áætlun eru að finna eru notaðar að flestu leyti til að kynna skólastarfið fyrir foreldrum og nemendum.

B

Huga þarf betur að nýjum nemendum þegar kemur að skólabrag og öðrum nemendum. Nýta þarf Vináttu verkefnið betur til að bjóða nýja nemendur velkomna, sérstaklega á yngri stigum. Öllum nemendum á að líða vel í skólanum og finna fyrir hlýjum móttökum og að þeir tilheyri hópnum.

7. GRUNNSKÓLI

ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 2023-2024

Við leggjum sérstaka áherslu á innleiðingu á leiðsagnarmati og samhliða því vinna með þróunarverkefnið, leiðtogið í mér. Við leggjum áfram áherslu á vaxtarhugarfar, markmiðasetningu nemenda og samþættingu námsgreina með þjálfun nemenda í lykilhæfni Aðalnámskrár sem eru:

- tjáning og miðlun upplýsinga
- skapandi og gagnrýnin hugsun
- sjálfstæði og samvinna við aðra
- nýting miðla og upplýsinga
- að bera ábyrgð á eigin námi.

Þá er lögð áhersla á áframhaldandi skipulag og frekari stefnumótun innan leikskóladeildar og innleiðingu á markvissri endurgjöf kennara á kennsluaðferðum og skipulagi kennslu með jafningjamati og skólastjórnendamati. Önnur verkefni má nefna:

- Uppfæra læsisstefnu
- Innleiðing stærðfræðistefnu
- Skapandi námsumhverfi- koma upp skapandi kennslurými
- Styrkja og bæta innra mat - Nýta betur gögnin

B

Áherslur tókust að mestu og náðist góður árangur við vinnu eftir þessum áherslum. Gerð verður betur grein fyrir hverjum lið seinna í skýrslunni.

TILHÖGUN KENNSLU GRUNNSKÓLANEMENDA

Kennsluáætlanir, námsáætlanir og stundaskrár nemenda eru á Mentor og hafa nemendur og foreldrar aðgang að þeim þar. Í vetur munu nemendur og kennarar nýta sér lærdómsumhverfi learncove.io, ASKURINN, þar inn eiga nemendur sinn eigin aðgang og geta þar fylgst með verkefnum sem eru í gangi, námsmati og hæfniviðmiðum sem unnið er með að hverju sinni. Foreldrar hafa aðgang að ASKINUM í gegnum nemendur.

A

Gekk eftir, allar upplýsingar eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra

TEYMISKENNSLA

Auðarskóli er teymiskennsluskóli með þrjú starfandi umsjónarteymi kennara sem bera sameiginlega ábyrgð á námi og velferð námshópa. Teymin eru:

- Yngsta stigsteymi: 1.–4. bekkur, kennt í tveimur námshópum
- Miðstigsteymi: 5.–7. bekkur
- Unglingastigsteymi: 8.–10. bekkur.

Í þeirri skólastærð sem Auðarskóli er hefur sýnt sig að kenna nemendum í teyllum hefur ýmsa kosti. Það eykur sveigjanleika til einstaklingsmiðaðanáms og ýtir undir fjölbreyttari kennsluhætti, fremur en að vera með fámenna bekkjarhópa eða tvo árganga í samkennslu. Það býður einnig upp á aukið faglegt samtal á milli kennara. Yngsta stig er mikið skipt í tvo hópa, 1.-2. bekkur og 3.-4. bekkur. Hvor hópur með sinn umsjónarkennara en mikil samvinna, samtal og samráð skal vera á meðal kennara. Á miðstigi eru einnig tveir námshópar en þeim er skipt upp þvert á aldur.

Á elsta stigi er nemendum kennt eftir árgöngum í sumum fögum, stundum í tveimur aldursblönduðum hópum.

Markmið með teymiskennslu eru að:

- Efla samvinnu kennara
- Auka við fjölbreytta kennsluhætti
- Fjölga tækifærum til samþættingar og þemaverkefna
- Efla hæfnimiðað nám
- Aukin einstaklingsmiðun
- Betri nýting á sérfræðiþekkingu sérkennara
- Aukin samvinna nemenda
- Aukin félagsfærni nemenda
- Samábyrgð kennara á námi nemenda
- Vænleg starfsskilyrði og aukin fagmennska
- Gagnrýni og endurmat
- Samræmdara námsmat.

B

Teymiskennsla er við líði í skólanum og hefur gefið góða raun. Ávallt má bæta teymiskennsluna og styrkja samvinnu á milli stiga t.d. eða faggreinakennara. Leggjum áherslu á samvinnu og samráð frekar en að skipta með sér verkum.

VALGREINAR

Val í námi er hluti af skólastefnu hvers sveitarfélags og skóla. Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið. Oft hefur verið í boði áhugasviðsval þar sem nemendur stýra því hvað þeir velja en sum ár eru ákveðnar valgreinar í boði. Þetta skólaár er boðið uppá tækni, leiklist og myndmennt.

A

Valkennsla gekk mjög vel í ár á elsta stigi. Linda, Ólöf, Mæja og Sólrún buðu uppá nokkrar smiðjur.

HELSTU VIÐBURÐIR SKÓLAÁRSINS OG VETTVANGSFERÐIR

Skólinn hefur þá stefnu að hafa útivist og vettvangsferðir sem hluta af námi nemenda. Í þessum ferðalögum/námsferðum gilda skólareglur og ber nemendum að fara eftir fyrirmælum fararstjóra í hvívetna. Farið er bæði í stuttar og langar ferðir yfir starfsárið, gönguferðir í nágrenni skólans, ferðir innan héraðs með skólabíl og að vori er gjarnan farið í nokkuð lengri ferðir. Á skólaárinu er stefnt að því að fara í fjöruferðir, í náttúruskoðun, safnaferðir, skíðaferð, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir o.fl. Hér má sjá skóladagatal 2023-2024 þar sem allir helstu viðburðir eru skráðir inn <https://audarskoli.dalir.is/wp-content/uploads/2023/09/SKOLADAGATAL-2023-2024.pdf>

SKÓLABÚÐIR 7. OG 9. BEKKJA

Nemendur 7. bekkjar fara í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði í eina kennsluviku (5.-8. febrúar) þar er lögð áhersla á náttúruna og hefðbundin sveitastörf. Nemendur 9. bekkjar fara í skólabúðir að Úlfjótuvatni í eina kennsluviku (13.-17. nóvember). Þar er lögð er áhersla á hópefli og lífsleikni.

B

Nemendur 7. bekkjar fóru á Reyki. Gekk vel og höfðu nemendur gagn og gaman af. Nemendur 9. bekkjar fóru á Úlfjótuvatn. Aðstaðan ekki nógu góð. Dagskrá ekki nógu þétt og vel unnin af staðarhöldurum. Á næsta skólaári fer 9. b í Vindáshlíð. Mat skólastjóra samstarfsskólanna að það sé betri kostur fyrir nemendur.

UPPLESTRARKEPPNI

Upplestrarkeppni 7. bekkjar fer fram eftir áramót í tengslum við *Stóru upplestrarkeppnina* sem er haldin á landsvísu. Sigurvegarar hennar taka þátt í Vesturlandskeppni *Stóru upplestrarkeppinnar* sem fer fram 17. apríl 2024. Auðarskóli mun halda keppnina á þessu skólaári, hún fer fram 17. apríl.

A	Litla-upplestrarkeppnin gekk vel. Allir nemendur tóku þátt í keppninni. Auðarskóli hélt Stóru-upplestrarkeppnina fyrir nemendur allra samstarfsskólanna. Samstarfsskólar skiptast á að halda keppnina. Keppnin gekk vel og stóðu allir nemendur sig vel. Gera þarf meira úr upplestri almennt. Stóra upplestrarkeppnin er góðu vettvangur til að efla áhuga á íslenskrri tungu.
---	---

SMIÐJUHELGAR

Sem hluti af vali eru nemendur 8.–10. bekkja með skerta stundatöflu. Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tíma viðmið hefur verið farin sú leið að vera með svokallaðar smiðjuhelgar tvisvar sinnum á vetri. Skipuleggjendur *Smiðjuhelga* er í höndum stjórnenda og starfsmanna Grunnskóla Borgarfjarðar. Fyrri helgin er í október á Kleppjárnsreykjum og seinni í apríl á Varmalandi. Nemendur 8.–10. bekkja fara eftir skóla að lokinni kennslu á föstudegi, vinna í smiðjum frá kl. 14.30–18.00, fá kvöldmat og gista í skólanum. Á laugardegi er unnið frá kl. 9.00–14.00. Nemendur fara á milli með rútu, fram og til baka. Undanfarna vetur hafa nemendur frá Laugargerðisskóla, Grunnskóla Borgarfjarðar, Reykhólaskóla og Auðarskóla komið og tekið þátt í smiðjuhelgi. Dagskrá smiðjuhelga getur verið fjölbreytt á milli ára og geta nemendur haft áhrif á framboð valgreina. Dagskrá er send út með tveggja vikna fyrirvara. Skyldumæting er á Smiðjuhelgar.

A	Tvær smiðjur haldnar af grunnskóla Borgarfjarðar. Mjög góðar og áhugaverðar smiðjur. Mikill metnaður hjá skólastjórnendum GB birtist í vali á smiðjum. Ávallt unnið með nemendum og taka þeir taka þátt í vali á smiðjum hvert ár.
---	--

MIÐSTIGSLEIKAR

Í samvinnu við samstarfsskólanna okkar eru miðstigsleikar haldnir á hverju hausti í Borgarnesi og Auðarskóli hefur tekið þátt þar á hverju ári. Þar spreyta nemendur sig á ýmsum greinum frjálsra íþróttanna sem og keppni er haldin í fótbolta. Miðstigsleikar fara fram 16. september.

A	Fóru fram og gekk ágætlega. Dagurinn skipulagður af grunnskólanum í Borgarnesi. Huga mætti af fjölbreyttari viðfangsefnum fyrir nemendur á Miðstigsleikunum. Mikið einblínt á boltaíþróttir. Búið að ræða mögulegar breytingar meðal skólastjórnenda.
---	---

KAFFIHÚSAKVÖLD

Kaffihúsvöld er fastur liður í starfi Auðarskóla. Þá eru nemendur sjálfir frá 5.-10. bekk sem sjá um skipulagningu, atriði, veitingasölu, auglýsingar og annað sem þarf að gera fyrir viðburð sem þennan. Selt er inn, happdrættismiðar seldir. Nemendur baka sjálfir smákökur sem boðið er uppá á meðan sýningu stendur.

A	<p>Kaffihúsvöldið haldið en ekki á tímanum sem skipulagður var skv. skóladgatali. Átti að vera 23. nóvember, fyrir danskennslu. Vegna árekstra viðburða á vegum félagsmiðstöðva á Vesturlandi var ákveðið að færa skemmtun til 30. nóv. Það reyndist skólasterfinu ekki vel þar sem að erfitt var að koma fyrir æfingum á sviði í vikunni á undan. Danskennslan fer fram í Dalabúð og því urðu augljósir árekstrar. Gerðar verðar breytingar fyrir næsta skólaár og séð til þess að ekki verði hróflað við dagsetningum viðburða.</p> <p>Nemendur sinntu undirbúningi vel og var kaffihúsvöldið skemmtilegt. Leikrit mögulega of löng og stytta þarf skemmtidagskrá að mati starfsfólks.</p>
---	--

DANSKENNSLA

Jón Pétur danskennari heldur uppteknum hætti og kemur í Dalina að kenna öllum nemendum grunnskólans og elstu deild leikskólans dans. Danskennsla hefst 23. nóvember og lýkur á danssýningu þann 1. desember kl 12.

A	Fór fram á tilsettum tíma. Allt gekk upp skv. áætlun.
---	---

VETRARFRÍSDAGAR

Vetrarfrí er 30. október til 3. nóvember á haustönn og 19. febrúar á vorönn.

A	Fór fram á tilsettum tíma.
---	----------------------------

SKÍÐAFERÐIR

Til stendur að fara í skíðaferð með allt grunnskólastigið. Á skóladagatali er gert ráð fyrir að yngsta stig fari í dagsferð á gönguskíði hjá Hólmavík en mið- og elstastig fari í tveggja daga ferð á Tindastól ef verður leyfir. 5.-7. mars með fyrirvara um breytingar.

A	<p>Allir nemendur skólans fóru á skíði skv. áætlun. Nemendur yngsta stigs fóru í tveimur hópum á gönguskíði í Selárdal. Nemendur mið- og elsta stigs einnig. Þeir fóru í Tindastól og hvor hópur um sig gistu eina nótt. Allir skemmtu sér vel og höfðu gagn og gaman af.</p> <p>Haldið áfram á næsta ári. Breyta þurfti dagsetningu skíðaferðar. Farið var í síðustu viku febrúar.</p>
---	---

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð grunnskólans er einnig fastur liður á vorönn þá skipuleggur hvert stig 15-20 mínútna leikþátt með aðstoð kennara og sýnir á sviði í Dalabúð. Árshátíðin er liður í fjáröflun fyrir nemendafélag skólans og vorferðir nemenda því er tekið lítið gjald af gestum sem koma og horfa á sýninguna. Árshátíð 2024 verður 21. mars.

A

Fór fram á tilsettum tíma. Allt gekk upp skv. áætlun. Betur tekið útan um skipulag m.a. skipulag starfsfólks og reyndist það vel. Faggreinakennari tók að sér viðburðastjórnun í 2 vikur í kringum árshátíðina. Nemendur virkilega virkir í undirbúningi á sínum viðburðum. Árshátíð vel heppnuð.

VORFERÐALÖG

Skólinn fer í ferðir með öll stig grunnskólans að vori. Yngsta og miðstig fara í dagsferðir frá Auðarskóla og koma aftur heim seinnipart dags. Elsta stig fer í lengri ferð og gistir vanalega í eina nótt.

A

Skólaferðalög gengu vel. Yngsta stig fór á Geitfjársetrið í Borgarfirði. Mið stig fór í hjólaferð frá Krosshólaborg inn að Laugum og eyddu þar deginum í sundi og annarri útivist. Elsta stig fór í Skagafjörðinn: Paint ball, river raft, wipe out braut.

NÁMSMAT

Námsmat Auðarskóla fylgir aðalnámskrá grunnskóla um mat á hæfni og framförum nemenda og er unnið eftir aðferðum leiðsagnarmats. Megintilgangur námsmats er að kanna stöðu nemenda og leiðbeina þeim um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Lesa má nánar um útfærslu námsmats inná heimasíðu skólans <https://audarskoli.dalir.is/grunnskoli/namsmat/>

A

Gekk eftir, allir kennarar meta nemendur eftir þessum ferlum og leiðum. Stjórnendur og kennarar eru eftir sem áður á því að endurskoða þurfi námsmat og einkunnagjafir. Fer í endurskoðun í ágúst.

HEIMANÁM

MARKMIÐ MEÐ HEIMANÁMI

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram að foreldrar og forráðamenn beri frumábyrgð á uppeldi barna sinna en jafnframt stendur þar að þeir þrír hópar sem mynda skólasamfélagið (nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar) vinni vel saman. Einn þáttur þessarar samvinnu er heimanám. Heimanám er einn þáttur í daglegu lífi skólabarna þar sem foreldrar/forráðamenn fá tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna (samskiptatæki) og styðja við bakið á þeim (stuðningur, skipulag, hvatning, námstækni, ábyrgð). Þar sem vel hefur tekist til með heimanám hafa rannsóknir sýnt að það getur haft jákvæð áhrif á persónuþroska og námsárangur og því er mikilvægt að góð samvinna ríki á milli heimilis og skóla. Markmið með heimanámi er:

- Að nemendur þjálfði og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum,
- að nemendur verði sjálfstæðir í vinnubrögðum,
- að nemendur öðlist aukna færni í að undirbúa sig fyrir skólann,
- að veita foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna.

NÁMSÁÆTLANIR OG HEIMALESTUR

Námsáætlanir eru sendar heim og/eða settar inn á Mentor. Á vikuáætlunum kemur fram áætluð vinna nemenda, heimanám, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Foreldrar hafa ávallt aðgang að námsáætlunum á Mentor.

Til að byrjendur nái góðum árangri í lestri er mjög mikilvægt að lesa upphátt heima alla virka daga (raddlestur). Við upphaf lestrarnáms er góð regla að lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum. Slík þjálfun gefur barninu aukna færni í lestri orðmynda, auk þess sem lesturinn verður oftast þjálli þegar sami texti er lesinn öðru sinni. Lesið er í áheyrn fullorðins og kvittað er fyrir áheyrn í þar til gerð kvittanahefti. Áhersla er lögð á að nemendur fái efni við hæfi svo að lesturinn verði sem ánægjulegastur. Að lesa fyrir börn er góður grunnur fyrir allt nám. Foreldrar eru hvattir til að lesa áfram upphátt fyrir börn sín, jafnvel þó þau séu sjálf farin að lesa. Flest börn ráða einungis við mjög léttan texta í byrjun, en hafa þörf fyrir að vinna með flóknari texta sem fellur betur að þroska þeirra og áhuga. Lestur foreldra og umfjöllun um textann, eykur orðaforða barnanna og bætir málþroska, en góður málþroski er einmitt einn af grunnþáttum alls náms líkt og lesa má um í læsisstefnu Auðarskóla. Læsisstefna Auðarskóla er að finna á heimasíðu Auðarskóla https://audarskoli.dalir.is/wp-content/uploads/2022/08/laesisstefna_audarskola_6.mars2020.pdf

B	<p>Gekk eftir að vissu leiti. Skólinn er mjög góða stefnu og markmið með heimalestri. En spurning hvort það þurfi að endurskoða reglur, stefnur og áherslur þegar heimalestri er lítið sinnt. Stjórnendur settu af stað átak í sumarlestri og lögðu áherslu á það í athöfn skólaslita. Búinn var til bæklingur með vísun í rannsóknir og staðreyndir um námslegt tap í löngum fríum og vísað á síður sem eru gagnlegar til þess að viðhalda lestri og stærðfræði.</p> <p>Stjórnendur og kennarar hafa áhyggjur af áhugaleysi forráðamanna varðandi þjálfun heima fyrir. Ljóst er að nemendur munu aldrei ná ásættanlegri lestrarfærni eingöngu með þjálfun á skólatíma.</p>
---	---

NEMENDAFÉLAGIÐ

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal nemendafélag í grunnskólum m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð nemendum úr elstu bekkjum skólans. Nemendur ákveða sjálfir með hvaða hætti er skipað í stjórn.

Stjórn nemendafélags Auðarskóla skólaárið 2023-2024

- Formaður: Benóní Meldal Kristjánsson
- Fulltrúar 10. b.: Þorgerður Þórðardóttir, Baldur Valbergsson og Davíð Bartoszek til vara
- Fulltrúar 9. b.: Alexandra Agla Jónsdóttir, Þórarinn Páll Þórarinsson og Mikael Hall Valdimarsson til vara.
- Fulltrúar 8. b.: Daldís Ronja Jensdóttir, Guðmundur Sören Vilhjálmsson og Telma Karen Svavarsdóttir til vara

Umsjónarmenn félagslífsins: Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir og Svanhvít Lilja Viðarsdóttir
umsjónarkennarar elsta stigs.

A	<p>Nemendafélagið var mjög virkt á síðasta skólaári. Stóð fyrir nokkrum viðburðum og funduðu reglulega. Ritaðar voru fundargerðir og geymdar í möppu. Auðvelda þarf aðgengi að þeim. Hugsu mætti að gera þær aðgengilegar á heimasíðu undir svæði nemendafélagsins.</p>
---	---

FÉLAGSSTARF

SKIPTING FÉLAGSLÍFSINS

Félagslífið skiptist í meginráttum í tvennt. Annarsvegar er um að ræða félagslíf sem umsjónarkennarar skipuleggja og getur það verið bekkjarkvöld, árshátíð og námsvöku eldri nemenda. Hinsvegar er það félagslífið sem nemendafélagið stendur fyrir undir stjórn umsjónarmanns skólans og eru það diskótek, fjáraflanir ýmisskonar, kynningar, kaffihúsakvöld og fl..

HLUTVERK UMSJÓNARAÐILA FÉLAGSLÍFS

Umsjónarmaður félagslífsins heldur utan um starfsemi nemendafélagsins og á reglulega samskipti við umsjónarkennara um starfsemi félagsins. Hann vinnur undir stjórn skólastjóra. Umsjónarmaður fundar reglulega með stjórn félagsins og vinnur með þeim að uppákomum og skipulagi á félagslífi skólans. Hann hefur umsjón með dansleikjum, atburðum og einstaka ferðum á vegum skólans.

HELSTU ATBURÐIR Í FÉLAGSLÍFI NEMENDA

- Safnanir fyrir ferðalög
- Kaffihúsakvöld á aðventu í Dalabúð hvert ár er farið erlendis
- Skólabúðir samstarfsskóla í 7. bekk á Reykjum
- Skólabúðir samstarfsskóla í 9. bekk á Laugarvatni
- Miðstigsleikar í Borgarnesi
- Dansleikur fyrir miðstig
- Lokaferðalag eldri nemenda (þriðja)
- Árshátíð
- Bekkjarkvöld

A

Viðburðir voru þó nokkrir á síðasta skólaári, bæði sem nemendur sjálfir stóðu fyrir og sem starfmenn skólans sáu um. Miðstig hélt bekkjarkvöld, unglingastig var með margar og fjölbreyttar fjáraflarnir til að komast í veglegt skólaferðalag.

8. LEIKSKÓLI

Skóladagatal, dagskipulag og aðrar hagnýtar upplýsingar er að finna í foreldrahandbók leikskólans og á heimasíðu Auðarskóla.

ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 2023-2024

- Ráðgjöf skólalþjónustu Ásgarðs
- Námsvísar
- Stærðfræðistefna
- Útikennsla og opinn efniviður
- Aukin þekking og starfsþróun starfsmanna á skimunartækjum
- Aukin þekking og starfsþróun starfsmanna á kennsluefni og tækjum

A	<p>Ráðgjöf frá Ásgarði hefur verið framúrskarandi og hefur aðstoð þeirra verið mikil og góð. Námsumhverfið hefur breyst til batnaðar og er mat stjórnenda að með námsvísum, betra og sýnilegra skipulagi hafi gert að verkum að það hafi skapað betra námsumhverfi í leikskólanum.</p> <p>Námsvísum hefur verið vel sinnt og hefur nú þegar orðið til góðar áætlanir fyrir starfið. Góða samheldni er að finna meðal starfsfólks.</p> <p>Þekking starfsmanna hefur aukist til muna. Allt starfsfólk tilbúið að takast á við breytingar og að auka eigin þekkingu í starfi.</p>
---	--

C	<p>Útikennsla: Áhersla í skólalþróun fór að mestu í Námsvísagerð, að vinna eftir námsvísum og dagskipulagi. Kennsla og vinna með börnum var tekin fastari tókum í gegnum hópavinnu og í skipulögðum stundum. Minni áhersla var lögð á útikennslu. Festa þarf útikennslu í námsvísa fyrir næsta ár.</p>
---	--

B	<p>Opinn efniviður: Opinn efniviður er aðgengilegur börnum. Börn hvött til að blanda saman opnum efnivið með öðru leikefni. Starfsfólk nýtir opinn efnivið í kennarastýrðum verkefnum.</p>
---	--

SKÓLADAGUR NEMENDA LEIKSKÓLANS

Foreldrar leikskólabarna geta valið vistunartíma fyrir börnin sín á tímabilinu 7.45 til 16.30. Milli kl. 7.45 og 8.00 er móttaka fyrir börn sem nýta sér náðarkortir á undan vistunartíma. Morgunverður er framborinn á milli kl. 8.00 og 8.45. Ávaxtahressing er um miðjan morgun. Útivist allra leikskólabarna fer fram fyrir hádegi á milli kl. 10.15 og 11.30. Hádegismatur er á milli kl. 11.30 og kl. 12.15. Yngstu börnin sofa eftir hádegismat á meðan eldri börnin fást við margskonar viðfangsefni. Útivist fer einnig

fram eftir hádegi. Síðdegishressing er framreidd kl. 14.30. Leikskólabörn sem nýta sér skólabíla ljúka deginum kl. 14.20 á mánudögum, kl. 15.00 á þriðjudögum til fimmtudaga, en kl. 12.30 á föstudögum. Opnunartími leikskólans tók breytingum 8. desember 2023. Opnunartíminn breyttist á föstudögum og er leikskólinn eftirleiðis opinn til kl. 14:00 á föstudögum en aðra daga til kl. 16:30.

DAGSKIPULAG LEIKSKÓLA AUÐARSKÓLA

- Kl. 7.45 - Leikskólinn opnar
- Kl. 7.45 – 8.00 Róleg stund
- Kl. 8.00 – 8.45 Morgunmatur
- Kl. 8.45 – 10.00 Hópastarf / Ávaxtastund
- Kl.10.00 – 11.30 Hópastarf / Útivist
- Kl.11.30 – 12.00 Hádegismatur
- Kl.12.00 – 13.00 Svefn / Samverustundir
- Kl.13.00 – 15.00 Svefn / Útivist / Hópastarf
- Kl.14.30 – 15.00 Síðdegishressing
- Kl.15.00 – 16.30 Frjáls leikur / Útivist
- Kl.16.30 - Leikskólinn lokar

A

Dagskipulagi hefur verið fylgt eftir. Leikskólinn lokar að öllu jöfnu milli 16-16:15 þar sem engin börn eru með vistun til 16:30.

Hádegismatartímanum var flýtt og er núna í kringum 11:10 þar sem það hjálpaði nemendum þar sem of langur tími var á milli og allir orðnir yfirsig svangir og yngri börnin orðin of þreytt til að ná að matast.

LYKILVIÐMIÐ STARFSFÓLKKS

Með börnum:

- Við tölum við börnin í þeirra hæð og erum í augnsambandi við þau.
- Við gefum barni tækifæri á að gera sjálf það sem það hefur hæfni til.
- Við mætum börnunum af nærgætni í samskiptum og tölum ekki niður til þeirra.
- Við tökum vel á móti börnunum að morgni og komum til móts við þarfir þeirra.
- Við sitjum og leikum með barninu á gólfinu og veitum því athygli.

- Við notum hlýlega rödd í samskiptum við börnin.
- Við veitum börnum öryggi með reglulegri og hlýlegri líkamssnertingu.
- Við mætum tilfinningum sem koma upp; mismunandi tilfinningar eiga rétt á sér.
- Við hvetjum börn til að virða hvert annað í daglegum samskiptum.
- Við mætum öllum margbreytileika einstaklinga.

Sín á milli:

- Starfsfólk mætir ávallt hvert öðru með opnum hug og samstarfsvilja.
- Starfsfólk samhæfir reglur og vinnubrögð sín.
- Starfsfólk ber virðingu fyrir vinnustað sínum og starfsfélögum.
- Starfsfólk hrósar hvert öðru, styður og byggir upp (enginn vex af vantrausti).

B	Starfsfólk vinnur oftast með lykilviðmiðin í huga en allt starfsfólk má vera duglegra í að endurmeta sig sjálf í starfi og hvernig samskiptin eru við börn og samstarfsfólk. Þarf að vera minna oftár á þessi lykilviðmið í daglegu starfi.
---	---

FORELDRAHANDBÓK

Foreldrahandbók leikskóla Auðarskóla veitir foreldrum upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans. Góð samvinna starfsmanna leikskólans og foreldra er grunnur að velferð barnsins og þannig fær barnið notið leikskóladvalarinnar eins og kostur er. Handbókin er góður leiðarvísir þar sem allar mikilvægustu upplýsingarnar komi fram um starfsemi leikskólans og er hana að finna á heimasíðu skólans, <https://audarskoli.dalir.is/audarskoli/leikskoli/foreldrahandbok-2/>

A	Foreldrahandbókin gekkst undir endurbætur á þessu skólaári. Er á heimasíðunni.
---	--

9. SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Í Auðarskóla er markvisst samstarf á milli deilda. Leikskólinn og grunnskólinn eiga í nánu samstarfi allt skólaárið. Nemendur í elsta árgangi leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans hittast í sameiginlegum kennslustundum, einu sinni í viku, allt skólaárið. Markmið samstarfs deildanna er að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning nemenda milli skólastiga. Að hausti eru kennslustundir skipulagðar og er markmiðið m.a. að börnin kynnist umhverfi skólans og öðlist öryggi á nýjum vettvangi en einnig að börnin viðhaldi vinatengslum sem áður var til stofnað.

Einnig koma nemendur 7. bekkjar og lesa fyrir nemendur leikskólans í sérstökum stundum, einu sinni í viku hver nemandi, og hefjast þær stundir yfirleitt upp úr Degi íslenskrar tungu. Það er talið vera góður undirbúningur fyrir „Stóru upplestrarkeppnina“.

Í nóvember fara tveir elstu árgangar leikskólans í danskenslu sem er einnig í boði alla nemendur grunnskólans. Kennslan stendur yfir í sex daga samfellt, eina kennslustund á dag, sem endar með danssýningu á lokadegi.

B	<p>Skipulagðar stundir gengu vel og var farið að öllu jafna einu sinni í viku í grunnskólann og var það Anna Kotchew sem sá um skólahópsheimsóknir í grunnskólann.</p> <p>Skólahópurinn fór í nokkra sundtíma með íþróttakennara grunnskólans auk þess að borða hádegismat með yngsta stigi í alls 5 skipti í mötuneytinu í Dalabúð.</p> <p>Einhverjir nemendur af elsta stigi komu í sérbúin verkefni í leikskólann.</p> <p>Danskensla gekk vel og mikil ánægja nemenda með það. Börn á Tröllakletti tóku einnig þátt í árshátíð skólans og var þeirra atriði upphafsatriðið á árshátíðinni.</p>
D	<p>Heimsóknir 7. bekkjar voru engar á þessu skólaári. Þarf að bæta úr því enda er þetta samstarf m.a. hluti af þjálfun fyrir upplestrarkeppnina.</p>

10. TÓNLISTARSKÓLI

ÁHERSLUR 2023-2024

- Foreldrasamtöl og samskiptabækur
- Námsmat
- Skólanámskrá

B

Samskiptabækur voru notaðar fyrir hluta nemenda. Kennarar meta að þær séu mikilvægar. Erfiðlega gengur að fá suma nemendur til að nýta sér þær. Huga þarf betur að upplýsingaflæði til foreldra. Búa þarf til skólanámskrá. Námsmat þarf að breyta og hafa tónlistarkennarar hug á því á næsta skólaári.

SKÓLADAGATAL TÓNLISTARSKÓLANS

Skóladagatal tónlistarskólans fylgir dagatali grunnskólans, sé grunnskólinn lokaður er tónlistarskólinn það líka. Sjá dagatal: <https://audarskoli.dalir.is/wp-content/uploads/2023/09/SKOLADAGATAL-2023-2024.pdf>

Mikilvægar dagsetningar er varðar starf tónlistarskólann má sjá hér að neðan

25. október: Miðannartónleikar haustönn

14. desember: Jólatónleikar

~~14. mars : Miðannartónleikar vorönn~~ Miðannartónleikar færðir til 8. apríl

30. maí: Vortónleikar

B

Gekk að mestu upp. Tímasetning vortónleika var ekki nógu vel auglýst enda þurfti að færa dagsetningu þeirra til. Huga þarf betur að dagsetningum á skóladagatali og hafa allt skipulag tilbúið að hausti. Gera þarf foreldrum betur grein fyrir dag- og tímasetningum.

MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið fyrir tónlistarnámi skiptast í þrjú flokka: Uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið. Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun. Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda. Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttari mennta- og menningarstarfsemi.

Markmið tónlistardeilar Auðarskóla:

- Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.
- Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur
- Stuðla að auknu tónlistarlífi.
- Að samþætta tónlistarstarfssemi tónlistardeildar, leikskóla og grunnskóla
- Nota og þróa samþætt kennsluefni í tónlistarforskóla, tónmenntakennslu og hljóðfæranámi.

B	<p>Unnið er með þessi markmið í huga. Nemendur fá mikið val um hvað þeir vilja fást við í kennslustundum. Kennslan miðar að því að auka áhuga nemenda á tónlistariðkun og hljóðfæraleik. Mikið er gert til þess að skapa nemendum tækifæra til samspils.</p> <p>Ekki hefur mikil áhersla verið lögð á samþætta starfsemi við leik- og grunnskóla. Ekki hefur reynt á þróun kennsluefnis fyrir yngstu nemendur og hljóðfæranám.</p>
---	--

NÁMSFYRIRKOMULAG

Kennsla í tónlistarskólanum fer að mestu fram á skólatíma. Miðað er við að nemendur sem koma með skólabílum stundi tónlistarnám sitt á skólatíma í grunnskólanum, það er frá því að skólabílar koma kl. 8.30 og þar til skólabílar fara kl. 15.10. Nemendur sem eru búsettir í Búðardal geta verið í tímum utan starfstíma skóla en aldrei lengur til klukkan 17.00. Til þess að svo megi verða eru nemendur að jafnaði teknir úr kennslustundum í grunnskólanum en einnig eru notaðar gæslustundir hjá yngstu nemendum. Kennsla í vetur fer að mikluleyti fram í hópkenntu þar sem aðeins einn tónlistarkennari er við störf þennan veturinn.

B	<p>Alla jafna eru nemendur teknir út úr kennslustundum í grunnskólanum til að stunda tónlistarnám sitt. Nemendur sem búa í Búðardal hafa einnig tækifæri á að sinna tónlistarnámi sínu utan hefðbundin skóladags grunnskólans.</p> <p>Þessu fyrirkomulagi fylgja kostir og gallar.</p>
---	--

VERKLAGSREGLUR

Á heimasíðu skólans má sjá verklagsreglur fyrir nemendur og starfmenn tónlistarskólans <https://audarskoli.dalir.is/tonskoli/verklagsreglur/>